

Sagnaritun. Hugtakið í nokkrum íslenskum ritum

Hilma Gunnarsdóttir. Íslenska söguendurskoðunin: „Þeirri skoðun var haldið á lofti að Íslendingasögurnar væru fyrst og fremst íslenskar bókmenntir og bækurnar væru höfundarverk líkt og skáldsögur nútímans. Því var hafnað að sagnaritarar miðalda hefðu fyrst og fremst skráð sögur sem þegar hefðu verið fullmótaðar í munnlegri geymd. Íslendingasögunum var breytt í höfundarverk og sögulegt gildi þeirra dregið í efa. Þeim var breytt í eina rödd höfundar, rödd karlmanns sem var höfðingi, menntamaður og heimsborgari. Þessi hugmynd hefur verið nefnd bókfestukenningin og fyrir henni fóru einkum Sigurður Nordal, Björn M. Ólsen og Einar Ólafur Sveinsson. Áður var ríkjandi viðhorf sem kallað hefur verið sagnfestukenningin en megininntak hennar var að Íslendingasögurnar væru sannar frásagnir sem varðveist hefðu í munnmælum þar til þær voru skráðar.“ (Bls. 59.) (Hilma Gunnarsdóttir. Íslenska söguendurskoðunin. Hilma Gunnarsdóttir og fl. (ritstj.) Frá endurskoðun til upplausnar. Reykjavíkúakademían, Rvk. 2006, bls. 23-110.)

„Þegar hugtakinu íslensk söguendurskoðun er beitt er yfirleitt vísað til brotthvarfs hinnar þjóðernissinnuðu sögu og endurskoðunar á sagnaritun sjálfstæðisbaráttunnar. Áður var gengið út frá því sem staðreynd að þjóðin hefði staðið sameinuð öldum saman gegn erlendu valdi og sett sjálfstæði sitt ofar öllu öðru. Sú mynd sem dregin var upp af „fulltrúum þjóðarinnar“ var byggð á þeirri vissu að íslenska þjóðin hefði ævinlega átt sameiginlegra hagsmuna að gæta gegn utanaðkomandi valdi og að vilji hennar hefði ætíð verið einn og hinn sami. Saga Íslendinga var saga af hetjum og glæstri fortíð, tæki til þess að efla baráttuþrek og samstöðu á tímum sjálfstæðisbaráttunnar. Þorri almennings átti enga beina hlutdeild í þessari sögu og gat ekki samsamað sig þeim fornu hetjum sem riðu stoltar um grösug héruð eða virðulegum stjórnámálönnum sem spásseruðu um götur Reykjavíkur með fjöregg þjóðarinnar milli handanna. Langstærsti hluti þjóðarinnar átti sér ekki ritaða sögu.“ (Bls. 25.) (Hilma Gunnarsdóttir. Íslenska söguendurskoðunin. Hilma Gunnarsdóttir og fl. (ritstj.) Frá endurskoðun til upplausnar. Reykjavíkúakademían, Rvk. 2006, bls. 23-110.)

„Hugvísindi – og þar ekki síst sagnfræði – án menningarlegrar, siðferðilegrar og pólitískrar afstöðu, leyndrar eða ljórrar, eru óhugsandi. Afstaða getur rúmast á milli andstæðra póla áróðurs og hlutleysis en hún er engu að síður þar, mótuð af huga fræðimannsins, samtíma hans, (tilbúnu) sögulegu samhengi, minni og gleysku einstaklinga og samfélaga, viðmiðum, valdajafnvægi, hagsmunum, sjálfsmynd og heimsmynd.“ (Bls. 277.) (Davíð Ólafsson. Milli vonar og ótta eða hvernig ég lærði að hafa ekki áhyggjur og elska upplausnina. Hilma Gunnarsdóttir og fl. (ritstj.) Frá endurskoðun til upplausnar. Reykjavíkúakademían, Rvk. 2006, bls. 261-278.)

Páll Skúlason (ritstj.) Mál og túlkun. Safn ritgerða um mannleg fræði. Hib, Rvk. 1981. Ingi Sigurðsson. Sagnfræði og söguspeki. 39-58.: „Orðið „söguspeki“ er ekki gamalt í málinu, en hefur nú unnið sér þegnrétt. Það merkir hið sama og söguheimspeki eða heimspeki sögunnar – og ber þá að hafa í huga, að orðið „saga“ í íslenzku merkir í senn liðna tíð, frásögn af liðinni tíð og fræði um liðna tíð, sagnfræði. Stundum er ekki ljóst, hvaða skilningur er lagður í orðið, og því rétt að sýna aðgæzlu í notkun þess.“ (Bls. 39.) Páll Skúlason (ritstj.) Mál og túlkun. Safn ritgerða um mannleg fræði. Hib, Rvk. 1981. Ingi Sigurðsson. Sagnfræði og söguspeki. 39-58.

„Hvað felst í hugtakinu söguspeki? Sumir halda fram tvískiptingu; annars vegar eigi orðið við um kenningakerfi um framvindu sögunnar og markmið hennar, hins vegar eigi það við um heimspekilegan grundvöll sögulegrar þekkingar. Aðrir telja, að þessi svið séu svo tengd, að villandi sé að draga ákveðna markalínu á milli þeirra. Eðlilegra sé, þegar söguspeki er greind í einstök svið, eins og vissulega er nauðsynlegt, að telja kenningar um framvindu sögunnar og markmið hennar eitt nokkurra meginverkefna söguspekinnar, önnur mikilvæg verkefni séu m.a.: Hver eru tengsl sagnfræðinnar við aðrar vísindagreinar? Hvaða aðferð er beitt við skýringar á einstökum sögulegum ferlum? Hvað er sögulegur sannleikur, og hvað eru sögulegar staðreyndir? Getur sagnfræði verið hlutlæg? „(bls. 39-40)

„Framlag Vicos [Giambattista Vico (1668-1744)] til söguspekinnar var á ýmsa lund hið merkasta. Kenningum hans var þó ekki veitt veruleg athygli, fyrr en komið var fram á 19. öld. Vico var kaþólskur, og ekki er rétt að líta svo á, að kenningum hans um löggengi sögunnar hafi verið ætlað að leysa kerfi Ágústínusar [kirkjuföður (354-430)] af hólmi, heldur var hann, svo að notað sé orðalag Ágústínusar, að bera fram kenningu um þróun mála í jarðríkinu.

Vico setti söguspeki sína fram í ritinu *Hin nýju vísindi* (*Scienza nuova*). Hann taldi, að unnt væri að bera fram kenningar um eðli mannsins á grundvelli þekkingar á sjálfum sér, og slíkar kenningar mætti prófa með því að láta á það reyna, hvort þær samræmdust vitnisburði sögunnar. Vico hafði rannsakað sögu fornaldar mjög náið, og sér þess víða stað í söguspeki hans. Hann gerði sér ljósari grein en samtímamenn hans fyrir því, að hvaðeina, sem vitað er um atferði manna á liðinni tíð, getur haft sögulegt heimildargildi. Benti hann einkum á mikilvægi goðsagna og málsögu í þessu sambandi.

Löggengiskenning Vicos er hringrásarkenning, en hún er frábrugðin flestum öðrum hringrásarkenningum að því leyti, að hver hringur er ekki öðrum líkur og því ekki um eilífa hringrás að ræða, heldur einnig þróun. Hann tjáir sig (43) ekki skýrt um, hvert sé hreyfiafl sögunnar í mannheimi, en virðist telja, að eðli manna, þótt misjafn sé á einstökum stigum þjóðfélagþróunar, hljóti jafnan að vera með þeim hætti, að til árekstra komi. Í kjölfar slíkra breytinga fljóti árekstrar í þjóðfélaginu og nýr áfangi í þjóðfélagsþróuninni hefjist, og verði þá eðli manna með öðrum hætti en á því stigi, sem á undan er gengið. Nú komi enn til árekstra, sem leiði til breytinga, og þannig koll af kalli.“ 43-44

„Skeiðin þrjú eru í fyrsta lagi það, sem Vico kallar goðaöld eða skáldaöld, í öðru lagi hetjuöld, í þriðja lagi mannöld. ... Þannig hafi stjórnarform þróast frá goðaveldi á fyrsta skeiði til höfðingjaveldis á öðru skeiði og svo til lýðveldis á þriðja stigi. En lýðveldi fengi ekki staðizt til lengdar; upp úr því sprytti fyrst einveldi og síðan stjórnleysi, hnignun. Þar með væri hringunum lokað....“ (Bls 43-44.) Páll Skúlason (ritstj.) Mál og túlkun. Safn ritgerða um mannleg fræði. Hib, Rvk. 1981. Ingi Sigurðsson. Sagnfræði og söguspeki. 39-58.

Gunnar Karlsson. Inngangur að sagnfræðiheimspeki nútímans. HÍ 2006. II og IV kafli: Rekur í stuttu máli nokkur verk um frásagnareðli sögunnar á tímabilinu 1960-1979

2. kafli: „Á fyrri hluta 20. aldar og allt fram á sjöunda áratuginn, gekk þróunin innan sagnfræðinnar í þá átt að greining kæmi í staðinn fyrir frásögn, að sagnfræðingar segðu ekki sögur heldur leituðu svara við rannsóknarspurningum, sönnuðu eða afsönnuðu tilgátur og settu fram kenningar.“ Gunnar Karlsson. Inngangur að sagnfræðiheimspeki nútímans. Hefti. HÍ 2006, bls. 14.)

„Breski sagnfræðingurinn Lawrence Stone [1919-1999] skrifaði svo fræga grein árið 1979 og bað um „revival of the narrative“ [að frásögnin gangi í endurnýjun lífdaganna]. Bretar nota hana gjarnan til að setja tímamót, en ég veit ekki hvort það hefur orðið veruleg breyting þar meðal sagnfræðinga.“ (bls. 15)

Gunnar rekur vangaveltur nokkurra málsmetandi fræðimanna um eðli frásagnarinnar (narrative/history):

Arthur Coleman Danto (1924-2013), norður-amerískur heimspekingur og listgagnrýnandi.

Walter Bryce Gallie (1912-1998), skoskur heimspekingur og fræðimaður á sviði félags- og stjórnmálafræða.

Morton White (1917), norður-amerískur heimspekingur og hugmyndasögufræðingur.

Edvard Morgan Forster (1879-1979), breskur rithöfundur og bókmenntagagnrýnandi - <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/214006/EM-Forster>

Louis O. Mink (1921-1983), norður-amerískur söguspekingur, af sumum talinn ásamt Hayden Withe, upphafsmaður fræðanna um gildi málsins (linguistic turn) fyrir sagnaritun.

Jean) Paul (Gustave) Ricoeur (1913-2005), franskur heimspekingur í anda fyrirbærafræða og túlkunarfræða.

Ofangreindir fræðimenn virðast sammála um grundvallaratriði söguritunar, þ.e.: atburðaskrá (chronicle) og fléttu (plot/employment). - Nokkurn veginn sammála um, að gildi sögunnar felist í henni sjálfri, þ.e. textanum. - Nokkur hugtök:

Arthur C. Danto: Frásagnarsetningar (narrative sentences): „... setningar sem vísa til tveggja atburða, segja frá þeim fyrri á þann hátt að frásögnin krefst vitneskju um þann seinni.“ (Bls. 16.)

Louis O. Mink: Útfærir hugmyndina um frásagnarsetningar.

1.“Lýsingar á atburðum frá ströngu samtímasjónarmiði, eins og samtímamenn lýstu þeim þegar þeir gerðust.

2.Lýsingar sem hefðu getað verið orðaðar af samtímamönnum þegar atburður gerðist.

3.Lýsingar aðeins hugsanlega síðar, af því að þær vísa til þekkingar á atburði sem gerðist síðar. – Þetta er það sem Danto kallaði narrative sentences.

4.Lýsingar sem aðeins eru hugsanlegar síðar vegna þess að þær byggjast á yngri tækni til að öðlast fróðleik. ...

5.Lýsingar aðeins hugsanlegar síðar af því að þær byggjast á síðari tíma hugtökum, ...“
Gunnar Karlsson. Inngangur að sagnfræðiheimspeki nútímans. Hefti. HÍ 2006, bls. (Bls. 16-17.)

„Walter Bryce Gallie hefur eftir breska sagnfræðingnum, Robin George Collingwood (1889-1943), um sérkenni sagnfræðilegrar sögu, að hún (1) eigi sér stað í tíma og rúmi og sé (2) samrýmanleg efnislega öðrum slíkum. „Hins vegar, segir Gallie, er boðorðið um eins samfellda mótsagnalaus sögu bara markmið sem sagnfræðingar stefna að en ekki eitthvað sem þeir ná eða halda sig við.“ (Bls. 19.) Þriðja sérkennið sækir Gallie til áður nefnds Collingwood; (3) „sagnfræðileg saga á í einkennilegum tygjum við sönnun – eins og sumir nefna (stands in a peculiar relation to something called evidence). Fjórða sérkenninu eys Gallie úr eigin brunni. Sagnfræðileg saga ber með sér (4) opinberan blæ. „Sagnfræðingar eru oftast, ..., að bæta opinbera mynd samfélags af fortíð sinni.“ (Bls. 19)

Paul Ricoeur: „Hans mat er að öll saga sé í eðli sínu frásögn, en hann segir að sagnfræðingum hætti til að gleyma því í metnaði sínum að vera vísindalegir. Frásögnin beið álitshnekki í sagnfræði á 20. öld, segir hann, hún var færð í kaf af tveimur straumum: ...“, þ.e. reynsluhyggju (framstefnu – pósitífisma) og „afneitun einstaklingsins sem söguefnis“ (Annálastefnan). (Bls. 21)

„Hollenski póstmóðernistinn, Franklin [Rudolf] Ankersmit [f. 1945), fræðimaður á sviði menningar og sagnfræði] ..., heldur því fram að Ricoeur hafi hikað við að stíga til fulls skref sem var óhjákvæmilegt til að leggja eitthvað verulega merkilegt til málanna, skrefið út í málheimspeki. Hann klippir vængina af narratífismanum, segir Ankersmit og á þar við að Ricoeur hætti sér ekki inn á það sem ég kalla ... póstmóðernisma.“ (Gunnar Karlsson. Inngangur að sagnfræðiheimspeki nútímans. Nokkurs konar fyrirlestrahandrit til að lesa með gagnrýnu hugarfari. HÍ, 2006, bls. 20-21.)

White, Hayden. Metahistory. The historical imaginatin in nineteenth-century Europe. John Hopkins University Press. Baltimore 1973: „Sumir helstu postular póstmóðernismans í sagnfræðiheimspeki hafa tekið White upp á arma sína, gert hann að spámanni sínum. Bandaríkjamaðurinn Hans Kellner hafði um Metahistory ummæli sem F.R. Ankersmit tók undir seinna „that never had a philosopher of history written „a book so fully and openly about language.“ White varð þannig spámaður þeirra sagnfræðiheimspekinga sem leggja mesta áherslu á að sagnfræði sé texti frekar en fróðleikur.“ (Bls. 28.)

- “Eins og vænta má hefur White ekki notið eintómrar aðdáunar; hann hefur líka verið gagnrýndur mikið, og ég tek enga ábyrgð á honum þannig að ég fullyrði að hann verðskuldi alla þá frægð sem hann hefur hlotið. Ég vel hann sérstaklega til kynningar vegna þess hvað hann er vel þekktur;
- Það er hluti af því að vera sagnfræðingur á okkar dögum að hafa einhverja hugmynd um hver Hayden White er.” (Bls. 28.)

„White tekur skýrt fram að atburðir sögunnar eigi sér tilveru utan við vitund sagnfræðingsins, ólíkt því sem gerist með skáldskap, en sjálfa söguna búi sagnfræðingurinn til (6-7). Munurinn á skáldsögu og sagnfræðilegri sögu er þá sá að skáldið býr til atburði og sögu, sagnfræðingurinn finnur atburð og býr til úr þeim sögu.“ (Bls. 29.)

Samkvæmt http://en.wikipedia.org/wiki/Hayden_White professor emeritus við Kaliforníuháskóla (Santa Cruz). Síðasta kennslustaða við Stanford háskólann í samanburðarbókmenntum. MA og doktorspróf frá Háskólanum í Michigan.

<http://www.history.ac.uk/reviews/review/1149> gagnrýni

<http://sgo.sagepub.com/content/4/3/2158244014542585> um White

„Frank Ankersmit has forcefully asserted the importance of Metahistory for the English speaking world. In the view of Ankersmit and like-minded scholars, White’s work has made obsolete the view of language as neutral medium in historiography and has provided a way to treat methodological issues at a level higher than elementary propositions and atomic facts. So, with it, „philosophy of history finally, belatedly, underwent its linguist turn and became part of the contemporary intellectual scene.““ (<http://en.wikipedia.org/wiki/Metahistory> - vitnað í: Ankersmit, F. History and Tropology. The Rise and Fall of Metaphor. Berkely, University of California Press, 1994.)

„Frank Ankersmit hefur af miklum þunga lagt áherslu á gildi „Metahistory“ fyrir hinn enskumælandi heim. Að dómi Ankersmit og sálufélaga hans, hefur White sýnt fram á, að sú skoðun, að tungumálið sé hlutlaus miðill í sagnaritun, hafi gengið sér til húðar. ... Loksins, um síðir, hefur söguspekin lokið upp augum fyrir gildi málsins (linguistic turn) og kveðið sér hljóðs í fræðum samtímans.“

Ætlunarverk/ tilgangur

Höfundar stefnir að: interpretative principle – formal theory of historical work – mismunandi viðmið (paradigm) – metahistorical element in historical works.

„Analysis of the main forms of historical consciousness of the nineteenth century (426)

„greining meginásýnda söguvitundar á nítjándu öldinni.

„My own analysis of the deep structure of the historial imagination of nineteenth-century Europe is intended to provide a new perspective on the current debate over the nature and function of historical knowledge.

„Greining mín á djúpperð sögusmíða (historical imagination) nítjándu aldarinnar hefur þann tilgang að móta nýtt sjónarhorn á umræður um eðli og gildi (function) sögulegrar þekkingar.“

It proceeds on two levels of inquiry. It seeks to analyze, first, the work of the recongnized masters of nineteenth-century European historiography and, second, the works of the foremost philosophers of history of tha same period.

A general purpose is to determine the family characteristics of the different conceptions of the historical process which actually appear in the works of the classic narrators.

Another aim is to determine the different possible theories by which historical thinking was justified by the philosophers of history of that time.“ 2

Philosophers of history: Georg Wilhelm Friedrich Hegel (1770-1831), Karl Marx (1818-1883), Friedrich Nietzsche (1844-1900), Benedetto Croce (1856-1952).

Historians: Jules Michelet (1798-1874), Leopold von Ranke (1795-1886), Alexis-Charles-Henri Clérel de Tocqueville (1805-1859), Carl Jakob Christoph Burckhardt (1818-1897).

Aðferð:

„My method, in short, is formalist. I will not try to decide whether a given historian's work is a better, or more correct, account of a specific set of events or segment of the historical process than some other historian's account of them; rather, I will seek to identify the structural components of those accounts.“ 3-4

Beitir „general theory of structure of the historical work (426)

„I have therefore limited the present study to an analysis of the relation between the manifest level of historical narratives, where the theoretical concepts that have been used to explain the data are deployed, and the latent level, considered as the linguistic ground on which these concepts are precritically constituted.“ 431

Söguvitund/historical consciousness!

„... impression that the historical consciousness on which Western man has prided himself since the beginning of the nineteenth century may be little more than a theoretical basis for the ideological position from which Western civilization views its relationship not only to cultures and civilization preceding it but also to those contemporary with it in time and contiguous with it in space. In short, it is possible to view historical consciousness as a specifically Western prejudice by which the presumed superiority of modern, industrial society can be retroactively substantiated.“ 2

Speculative philosophy of history – history proper: söguspeki og sagnritun

„I believe I have penetrated to the metahistorical level on which proper history and speculative philosophy of history have a common origin in any attempt to make sense out of history-in-general. I have suggested that proper history and speculative philosophy of history are distinguishable only in emphasis, not in their respective contents.“ 427

Style:

Birtist í „linguistic protocol“, þ.e. 4 basic types of linguistic prefiguration“ (metaphor og svo frav.) – sem er prefiguration (forúrvinnsla, forboðun) sögusviðsins.

Hvað er sagnfræðiverk:

„..., I will consider the historical work as what is most manifestly is – that is to say, a verbal structure in the form of a narrative prose discourse to be a model, or icon, of past structures and processes in the interest of explaining what they were by representing them.“ (bls.2)

„Eins og gefur að skilja er sagnfræðiverk frásögn sem ætlað er að endurspeгла og þar með skýra gengið líf.“

Hugmyndafræði:

„Með hugtakinu, hugmyndafræði, á ég við ákveðna forskrift um þátttöku í samfélaginu (annað tveggja að tryggja kyrrstöðu eða breytingar), studd rökum er lúta að „vísindum“ eða „raunhyggju“.“ 22

„By the term „ideology“ I mean a set of prescriptions for taking a position in the present world of social praxis and acting upon it (either to change the world or to maintain it in its current state); such prescriptions are attended by arguments that claim the authority of „science“ or „realism.“

Tungumálið:

„... in any field of study not yet reduced (or elevated) to the status of a genuine science, thought remain the captive of the linguistic mode in which it seeks to grasp the outline of objects inhabiting its field of perception.“ Xi

Irony

„I have noted the Ironic component in the work of all philosophers of history, and I have indicated how it differs from the Irony that is implicitly present in every historian's attempt to wrest the truth about the past from the documents. The historian's Irony is a function of the skepticism which requires him to submit the document to critical scrutiny. He must read the historical record ironically at some point in his work, must assume that the documents mean something other than what they say or that they are saying something other than what they mean, and that he can distinguish between saying and meaning, or there would be no point in his writing a history. He could simply compile a collection of documents and let them figure forth their own truth in their own terms.“ 375

Niðurstöður:

(1) there can be no „proper history“ which is not at the same time „philosophy of history“, (xi)
(2) the possible modes of historiography are the same as the possible modes of speculative philosophy of history; (3) these modes, in turn, are in reality formalizations of poetic insights that analytically precede them and that sanction the particular theories used to give historical account the aspect of an „explanation“; (4) there are no apodictically certain theoretical grounds on which one can legitimately claim an authority for any one of the modes over the others as being more „realistic“; (5) as a consequence of this, we are indentured to a choice among contending interpretative strategies in any effort to reflect on history-in-general; (6) as a corollary of this, the best grounds for choosing one perspective on history rather than another are ultimately aesthetic or moral rather than epistemological, and finally (7) the demand for the scientization of history represents only the statement of a preference for a specific modality of historical conceptualization, the grounds of which are either moral or aesthetic, but the epistemological justification of which still remain to be established.“ Xii

(1) Í sjálfu sér er engin „eiginleg saga“ til sem ekki er „söguspeki“ einnig. (2) Hugsanlegir skýringarhættir sagnaritunar eru þeir sömu og söguspekinnar. (3) Í sjálfu sér fela téðir skýringarhættir í sér skáldlega andagift, sem hvort tveggja móta greiningu, áður en til skýringar kemur, og sjálfa skýringuna. (4) Það eru engar kenningar, sem ótvírætt réttlæta, að einn skýringarhátt sé raunsærri en annar. (5) Af fyrrgreindum sökum erum við nauðbeygð til

að kjósa skýringarkost í þeirri viðleitni að botna í sögunni. (6) Því er affararsælast að velja sögulegt sjónarhorn á grundvelli fegurðar (aesthetic) eða siðferðis fremur en þekkingarfræða, og að lokum (7) krafan um vísindagildingu sagnfræðinnar felur eingöngu í sér val tiltekinna hugtaka, sem ræðst annað tveggja af viðhorfi til siðferðis eða fegurðar. Þekkingarfræðileg réttlætning þeirra hugtaka hefur enn ekki átt sér stað. (Metahistory, bls. xii.)

A Tropes – historiographical style – (linguistic protocol).

4 tropes „Each trope also promotes cultivation of a unique linguistic protocol.“ (36) eða „historiographical style.“ Frásagnarháttur, sagnaritunarbragð. – tropes of poetic language – figurative language 31

„... the theory of tropes provides us with a basis for classifying the deep structural form of the historical imagination in a given period of its evolution.“ 31

Dominant trope: „In history, I have argued, the historical field is constituted as a possible domain of analysis in a linguistic act which is tropological in nature. The dominant trope in which this constitutive act is carried out will determine both the kinds of objects which are permitted to appear in that field as data and the possible relationships that are conceived to obtain among them. The theories that are subsequently elaborated to account for changes that occur in the field can claim authority as explanations of „what happened“ only in so far they are consonant with the linguistic mode in which the field was refigured as a possible object of mental perception.“ 430

„...Historiographical style represents a particular combination of modes of emplotment, argument, and ideological implication.“ 29

A1 Metaphor (yfírfærsla) einkennist við samanburð, þ.e. líkt og ólíkt. (34) „language of identity.“ Myndhvörf, myndhverfing, myndlíking.

A2 Metonymy (nafnavíxl – þegar hlutur táknar heild (34) – language of extrinicality – Nafnahvörf.

A3 Synecdoche – þegar eiginleiki hlutar táknar eiginleika heildarinnar (34) – language of intrinicality. – eigindahvörf.

A4 Irony – tala um hug sér, tvíræðni, öfugmæli, kveða já við í orði en gagnstætt á borði, tvískinnungur. Merkingarhvörf, andhvörf

B Levels (level of conceptualization) – færa í búning. Explanatory strategies. Smíðar sögu úr atburðaskrá sögunnar á grundvelli „modes of consciousness“ sem beint eða óbeint réttlætir „explanatory strategies“ 426 – interpretative strategies – explanatory styles 429

„I have suggested ... an elective affinity between the art of prefiguration of the historical field and the explanatory strategies used by the historian in a given work.“ 427

B1. Modes of emplotment/explanation by emplotment (4 leiðir): söguþráðurinn ber mig/knýr mit – greina sögufabriði (7) – boðskapur sögu (What happened? (11) „emplotment of his story as a story of particular kind.“ (12) „Architypical story forms“ (10) „architypical plot structures.“ (11)

Innblásin af Nortrop Frye (1912-1991), kanadískur bókmenntafræðingur og –gagnrýnandi, talinn af sumum sá áhrifamesti slíkur á tuttugustu öld. Hefur m.a. skrifað *Anatomy of Criticism*. (Bókin afrituð)

Aesthetic perception = fegurðarskyn

Flækjan: Höfundur sögu velur eða lætur stjórnast af ferns konar sögusniðum (archetypical story forms, archetypical plot structures); draumórum (romantic), svartsýni (tragic), bjartsýni (comic) og að síðustu ádeilu (satire). Draumórahöfundur skapar söguhetju, sem elur á þeirri von að geta um stund sigrast á veröldinni með því að temja eða sætta þá krafta, sem leika lausum hala hvort tveggja í náttúrunni og meðal manna. Í heimi hinnar svartsýnu söguhetja sætta menn sig við orðinn hlut og beygja sig undir forlög sín. Hin bjartsýna hetja eygir aftur á móti von um að geta haft áhrif til betri vegar. Sögusnið ádeilunnar hentar vel þeim sögumönnum, sagnfræðingum, sem velkjast um í ólguróti sögunnar og ýmist skynja eilíft sömu innviði eða sama kjarna atburðanna.

Ba Romantic (draumóra) draumóragjarn

Draumórasaga fjallar í grundvallaratriðum um söguhetju, sem finnur sjálfa sig, frelsast úr viðjum reynslunnar, gengur með sigur af hólmi. Dæmigerð saga af þessi tegund er endurkoma Krists. Frelsun felur í sér sigur hins góða, dyggðarinnar, ljóssins, fjallar um upphafningu lífsins sjálfs. (9) Andstæða satire.

Draumórahöfundar leggja áherslu á tilkomu breytinga á aðstæðum og aflvaka við aðstæður sem í eðli sínu virðast óhagganlegar eða einungis skipta um ásýnd. (11) (Það á einnig við um gamanleiki.)

Bb Tragedy: Tragic – harmþrunginn – svartsýnn.

Í harmsögu gætir einskis fagnaðar, nema þá í sýnd eða falsi. Miklu fremur er um að ræða ágang og nauð sökum klofnings manna á meðal, hræðilegri en sjálfur harmurinn (tragic agent sem var kveikja sögunnar). Þrátt fyrir bresti í veröldinni og fall söguhetjunnar lítur höfundur ekki svo á, að tortíming eftirlifenda sé óhjákvæmileg, því vitundarvakning hefur átt sér stað með tilhlýðenda eða áhorfenda.

Hugsunin er sú, að vitundarvakningin sé fólgin í eins konar vitrun eða uppljómun á því lögmáli sem stjórnar mannheimum og barátta söguhetjunnar hefur komið til leiðar.

Sættir í lok harmleiksins eru átakalitlar; menn sætta sig við að lifa og starfa í þeim aðstæðum sem þeim eru skapaðar á grundvelli þeirrar hugsunar, að þær séu óhagganlegar og eilífar. Þannig móta aðstæður umgjörð öryggis og óbrjálsemi (sanity) í lífinu.

Harmleikur henta vel þeim sagnfræðingum sem velkjast um í ólguróti sögunnar og ýmist skynja sömu innviði eða sama kjarna atburðanna. (Það á einnig við um ádeiluna.)

Bc Comic – góðar lyktir – farsældarlegur – bjartsýnn

Comedy. Söguhetjan elur á þeirri von að geta um stund sigrast á veröldinni með því að temja eða sætta þá krafta, sem leika lausum hala hvort tveggja í náttúrunni og meðal manna. Slíkar sættir birtast í þeim fögnuði, sem venjulega gætir í frásögn höfundar af umhverfinu og

breytingum. Af frásögn að dæma er ekki með öllu óhugsandi að maðurinn geti að einhverju marki unnið bug á þeim klofa (divided stated) sem einkennir stöðu hans í veröldinni. (9?)

Undir lok gamanleiksins sættast menn innbyrðis, við náttúruna og samfélagið. Það verður hreinna, óbrjálaðra og heilnæmara sökum baráttu andstæðra alfa í veröldinni, sem þegar til lengri tíma er litið upphefjast eða samtinnast, finna samhljóm.

Gamanleikjahöfundar leggja áherslu á tilkomu breytinga á aðstæðum og aflvaka við aðstæður sem í eðli sínu virðast óhagkanlegar eða einungis skipta um ásýnd. (11) (Það á einnig við um draumórahöfunda.)

Bd Satirical – satire - ádeila – ádeilugjarn

Hinn dæmigerði efniviður háðsögunnar er andstæða draumórasögunnar. Í stað þess að losna úr viðjum er söguhetjan um alla eilífð dregin í drepin í dróma, ofurseld veröldinni. Vilji manna og vitund munu aldrei geta yfirstigið dauðann, erkióvininn sjálfan. (9). Andstæð draumórasögu.

Ádeila henta vel þeim sagnfræðingum sem velkjast um í ólguróti sögunnar og ýmist skynja sömu innviði eða sama kjarna atburðanna. (Það á einnig við um harmleikinn.)

B2.Mode of argument /explanation by argument (4 leiðir) – rökfestan knýr mig „by formal argument.“ (11) What is the point of it all (11) What it all adds upp to“ (11) – explanation by formal, explicit, or discursive argument.“ (11) – rökleiðslulögmál með forspárgildi og afturvirkir skýringargildi – afleiðslulögmál. Í rauninni tekið frá Stephen Pepper: World hypothesis: Prologomena to systematic philosophy and a complete survey of metaphysics, 1942. http://en.wikipedia.org/wiki/World_Hypotheses

World hypothesis = theories of truth – cognitive operation

Stephen Pepper (1891-1972), bandarískur heimspekingur, sem m.a. skrifaði: World hypothesis: Prologomena to systematic philosophy and a complete survey of metaphysics. Hann andmælir raunhyggjusinum (logical positivist) um eðli vísindagagna, þ.e. að slík gögn séu óhugsandi án túlkunar.

Röksemdafærslan: Í þessu efni er White innblásinn af landa sínum, heimspekingnum Stephen Pepper (1891-1972) , sem m.a. skrifaði: World hypothesis: Prologomena to systematic philosophy and a complete survey of metaphysics.

C1 Formist Frumspekisniðssinni

Sannleikur greinandans er fólgin í aðgreiningu einstakra fyrirbæra á sviði sögunnar. Skýring telur hann fullnægjandi, þegar öll kurl eru komin til grafar, sem lúta að ákveðnum fyrirbærum; þau flokkuð, yfirsýn fengin, eiginleikar leiddir í ljós og sérstæðni þeirra gefið heiti. (13-14.

Skýring greinandans verður oft og tíðum víðtæk; hann gerir grein fyrir margbreytileika sögu sviðsins – en hætt er við, að alháefingar skorti nákvæmni. (15)

Johann Gottfried Herder (1744-1803), Thomas Carlyle (1795-1881), Jules Michelet (1798-1874), Barthold Geory Niebuhr (1776-1831), Hans Mommsen (f. 1930), George Macaulay Trevelyan (1876-1962), breskur sagnfræðingur í svonefndri Whig hefð. Reit m.a. bækur um ítölsku frelsishetjuna, Guiseppe Garibaldi (1807-1882).

C2 .Mechanistic vélhyggjusinni

Vélhyggjusinni lítur á tenginu hinn ýmsu þátta sögunnar og reynir að koma augum á þau lögmál orsaka sem eru hreyfiöfl sögunnar. Fremur er lögð áhersla á flokka fyrirbæra, sem lögmálunum lúta, en hver einstakt þeirra, þrátt fyrir nákvæmi í hugtakanotkun eru gloppur í skýringum og sannleikshugtakinu, einkum sakir tilhneigingar til sértækni og skorts á víðfemi. (17)

Dæmi: Henry Thomas Buckle (1821-1862), breskur sagnfræðingur og raunhyggjusinni (positivist), sem leitaðist við að yfirfæra vísindahugsun og –aðferðir náttúrvísinda á sagnfræði.

Hippolyte Taine (1828-1893), franskur sagnfræðingur og gagnrýnandi, forvígismaður náttúruhyggja (naturalism) og framstefnu í félagsfræði (sociological positivism).

Marx, Tocqueville.

C3 .Organicist lífsheildarsinnar – lífheildarhyggja

Samþættir. Lífhyggjuhöfundur leitast við að skoða vef sögunnar sem slíkan og sundurgreina einstaka þætti hans. Viðmið höfundar eru tengsl hins smá og hins stór. Þannig felur samþætting einstakra þátta í sér nýtt fyrirbæri, stærri og búið eigindum öðrum en hver þáttur þess. Þannig einkennist sögusýn lífhyggjuhöfundarins, kenningar hans um sannleikann og röksemdafærsla, af ákveðinni smættun.

Lögð er áhersla á hið sértekna í sögulegri framvindu og sjónum er einkum beint að lyktum eða markmiði hennar, ásamt afhjúpun á lögmáli gangverksins. (15)

Heinrich von Sybel (1817-1895), þýskur sagnfræðingur, skrifaði m.a. um stofnun þýska heimsveldisins.

Heinrich Gotthard von Treitsche (1834-1896), þýskir stjórnmalamaður og sagnfræðingur, skrifaði m.a. um þýskt þjóðerni.

William Stubbs (1825-1901), breskur biskup (í Oxford) og sagnfræðingur, skrifaði m.a. um nútímasögu.

Frederic William Maitland (1850-1906), enskur lögræðingur og sagnfræðingur, af sumum talinn upphafsmaður eða faðir enskrar réttarsögu.

C4.Contextualist

Samhengisrýni felst sannleikurinn og skýringar í skilningi á merkingu eða gildi samvirkni (funksjon) hinna ýmsu þátta sögusviðsins við tiltekna aðstæður og a afmörkuðum tíma. Því er leitað að þeim þræði sem innan ákveðins tíma og rúms er samofinn tilteknu, flóknara

fyrirbæri, t.a.m. þann þráð, er spinnur ákveðinn einstakling eða stofnun við umlykjandi menningu. Og reglur sem um þetta gilda. En hér er hvorki um að ræða lög um orsök og afleiðingu né tilgang. (12)

Leitað er uppruna þráðar þegar horft er um öxl. Þegar litið er fram á veg er reynt að gera sér grein fyrir framtíðaráhrifum. Stundum hverfa þræðir sjónum, hafa samofist nýju samhengi eða fyrirbæri. Hugmyndir um, hvernig færa eigi sönnur á, útskýra og sannreyna birtast í hrynjandi sögunnar, þ.e. hvernig höfundur leiðir í ljós samhengi atburðanna og gildi þeirra – og markar þannig ákveðin söguskeiði. 19

3. Mode of ideological implication/explanation by ideological implication. (4 leiðir)
Hugmyndafræðileg slagsíða – afstöðuskýringar. Hugmyndafræðin rekur mig / viðhorf.

4 different stages of ideological implication

„value systems that claim the authority of „reason“, „science“ or „realism“ 23

„designators of general ideological preference (24)

„They represent different attitudes with respect to the possibility of reducing the study of society to a science and the desirability of doing so; different notions of the lessons that the human sciences can teach; different conceptions of the desirability of maintaining or changing the social status quo; different conceptions of the direction that changes in the status quo ought to take and the means of effecting such changes; and, finally, different time orientations (an orientation toward past, present, or future as the repository of a paradigm of society’s „ideal“ form).“ 24

Neðangreind flokkun er byggð á verki Karl Mannheim. Ideology and Utopia. Karl Mannheim/Károly Mannheim (1893-1947), ungverskur félagsfræðingur, stundum talinn upphafsmaður eða faðir félagsfræðilegrar þekkingarfræði (sociology of knowledge). Skrifaði m.a. bókina, „Ideologie und Utopie“ (1929), sem kom út í breyttri útgáfu á ensku 1936, „Ideology and Utopia. An introduction to the Sociology of Knowledge“

Anarkist (stjórnleysi) Stjórnleysingjar vilja leysa upp samfélagið og stofna nýtt á grundvelli mannástar, sem mun duga til framdráttar samverunni með tilliti og til stjórnunar og siðmenningar. Litið er um öxl til sögu fornra samfélaga eða frumstæðra, þar sem þessar hugmyndir virtust endurspeglast í raun og veru. (Bl. 25-26)

Radical (róttækni) Róttæklingar vilja umbylta innviðum samfélagsins og líta margir hverjir svo á, að upp renni nýtt skeið í sögu mannkyns, þar sem hið úr sér gegna skeið beri í sér frækorn hins nýja og betra. Þeir halda því fram, að maðurinn móti sögu sína afdráttarlaust og arki götuna fram eftir vegi.

Conservative (íhaldssemi) Íhaldssinnar telja sig búa við hið æskilega fyrirkomulag, að minnsta kosti eins góðu og kostur er miðað við aðstæður. Þeir trú á því iðulega, að maðurinn verði að setta sig við orðinn hlut í þessu efni. Örlög séu honum búin. Breytingar til góðs geta þó átt sér stað, en nauðsyn ber til að þær gerist hægt og sígandi, því „sígandi lukka sé best.“

Liberal. (frjálslyndi) Frjálslyndir óska breytinga einnig, en þeir trúa á tiltölulega hægfara breyting fyrir tilstilli rökræðna. Skynsamleg rök í þessu efni muni finna sér farveg í lögum, þar sem stefnt er að góðum breytingum á innviðum samfélagsins.

Georg G. Iggers. Sagnfræði á 20. öld. frá vísindalegri hlutlægni til póstmóderískrar gagnrýni. (Þýðendur: Eiríkur K. Björnsson, Ólafur Rastrick og Páll Björnsson.) Háskólaútgáfan, rvk. 2004.): „Þannig var aðskilnaðurinn á milli „vísindalegrar“ sagnfræði 19. aldar og eldri bókmenntalegrar sagnfræði hvergi nærri eins mikill og margir sagnfræðingar þess tíma gerðu ráð fyrir. Í „vísindalegri“ sögulegri orðræðu fólst bókmenntalegt ímyndunarafl og eldri bókmenntahefð leitaði einnig sannleikans með því að reyna að endurgera raunveruleg fortíð. „Vísindalega“ viðmiðið eftir daga Leopold von Ranke átti þrjár grundvallarforsendur sameiginlegar með bókmenntahefðinni frá Þúkýdídesi til (12) Gibbons:

Í fyrsta lagi var fylgt samsvörunarkenningunni um sannleikann sem gerði ráð fyrir að sagan sýndi fólk sem raunverulega var til og gerðir sem raunverulega áttu sér stað. Í öðru lagi voru athafnir manna taldar endurspeglar fyrirætlanir þeirra og það væri hlutverk sagnfræðinga að skilja þessar fyrirætlanir í því skyni að mynda samfellda og skiljalega sögu. Loks var unnið út frá einvíddar-tímahugtaki með áherslu á breytingar frá einum tíma til annars, þar sem atburðir reka hver annan í skiljanlegu samhengi. Þessar forendur raunveruleika, fyrirætlana og tímasamhengis mótuðu byggingu sagnaritunar frá Heródósi og Þúkýdídesi til Ranke og frá honum langt fram á 20. öld. Það eru einmitt þessar forsendur sem dregnar hafa verið í efa í nýlegri söguspeki.“ 13.

„Í þessum skilningi fól félagsvísindaleg sagnfræði, hvort heldur hún var í anda Marx, Parson eða (13) Annálaskólans, í sér lýðræðisvæðingu sögunnar þar sem fjallað var um fleiri hópa samfélagsins en áður og sjónarhornið víkkað út frá stjórnámálum til samfélagsins í heild. Fylgjendur félagsvísindalegrar aðferðar mótmæltu eldri aðferðum, ekki af því að þær væru óvísindalegar heldur af því að þær væru ekki nægilega vísindalegar. Þeir drógu í efa helstu forendur eldri aðferða, það er að segja að viðfangsefni sögunnar væri hið einstaka en ekki hið almenna, að markmiðið væri að „skilja“ fremur en „útskýra“. Í stað þess héldu þeir því fram að orsakaskýringar væru hluti af öllum vísindum, að sagnfræðinni meðtalinni.

Um annað atriði var einnig samkomulega milli eldri hefðar og félagsvísindalegrar aðferðar. Hjá báðum var gengið út frá hugmynd um tímamann sem einþráða (unilinear) en samkvæmt henni er samfella og stefna í framvindu sögunnar; að til sé fyrirbrigðið saga frekar en margar sögur.“ 14

„Sú hugmynd hefur náð auknu fylgi að hlutlægni í sagnfræðirannsóknnum sé ekki möguleg af því að hinn sögulegi veruleiki sé ekki aðgengilegur. Samkvæmt því er sagnfræðingurinn ætíð fangi þess heims sem hann hugsar í og hugsun hans og skilningur eru skilyrt af því tungumáli sem hann notast við. Þannig móti tungumálið raunveruleikann en vísi ekki til hans. Þessi hugmynd hefur verið sérstaklega áberandi í (19) málvísindum og bókmenntagreiningu síðan á sjöunda áratugnum enda þótt grundvallarhugmyndirnar um tungumálið sem þarna var unnið með hafi gægst fram í bók Ferdinand de Saussure, Cours de linguistique générale, sem kom út 1916, en þar var fjallað um tungumál sem sjálfbært kerfi. Roland Barthes á sjöunda áratugnum og Hayden White á þeim áttunda lögðu áherslu á bókmenntaleg einkenni sögulegra texta og eiginleika skáldskapar sem hlytu óhjálkvæmilega að vera í þeim.

Með því að þróa áfram skilgreiningu de Saussures á tungumáli sem sjálfbæru kerfi tákna, tóku bókmenntafræðingar í Frakklandi og Bandaríkjunum á borð við Jacques Derrida og Paul de

Man að halda því fram að tungumál byggji til veruleikann fremur en að það vísaði til hans. Sagnfræðingurinn ynni með texta en þessir textar vísuðu ekki til veruleika utan textans sjálfs. Eða svo vitnað sé í fleyg ummæli Derrida: „það er ekkert til utan textans“.

Textinn þarf ekki vera í formi ritaðs eða talaðs máls. Mannfræðingar eins og Clifford Geertz héldu því fram að menning gæti líka verið texti. En það ekki nóg með að texta skorti tilvísun heldur er ekki til í þeim ótvíræð merking. Sérhvern texta er hægt að lesa á óteljandi vegu.“ 20

„Þessi gagnrýni á sögulegt raunsæi hefur verið tengd gagnrýni á samfélag og menningu (20) nútímans. Þannig kvartaði Barthes fyrir því að „raunsæi sagnfræðilegrar orðræðu er hluti af almennu menningarmynstri ... [sem]leiðir til þess að menn eru gagnteknir af „raunveruleikanum“ og reyni þannig að flýja frá hlutverki sínu og frelsi sem skapendur merkingar.“ Á svipuðum nótum talaði Hayden White: „tregðan við að líta á sögulegar frásagnir sem það sem þær í raun eru: skáldskapur í orðum þar sem innihaldið er í meira mæli fundið upp fremur en fundið og þar sem formið á meira skylt við bókmenntir en vísindi. Hans Kellner gekk enn lengra í gagnrýni á yfirráð í nútímasamfélagi þegar hann hélt því fram að „sannleikur“ og „veruleiki“ væru að sjálfsögðu helstu valdataeki á okkar tímum.“ 21

„Mikilvæg, fullgild atriði var að finna í gagnrýni póstmódernista. Hún sýndi fram á að hugmyndin um sögu sem einhvers konar heild var ekki raunhæf, að saga einkenndist ekki bara af samfellu heldur líka af óreglu. Gagnrýnendur bentu réttilega á þær hugmyndafræðilegu forsendur sem (24) faldar voru í ráðandi orðræðu háskólasagnfræðinnar. Þá drógu þeir líka réttilega í efa sjálfbirgingslegar hugmyndir hennar um sérfræðingavaldi sitt. Samt sem áður ganga þeir of langt með því að hafna möguleikanum á röklegri sagnfræðilegri orðræðu og efast um að til sé sögulegur sannleikur og þar með söguleg fölsun.“ 25

„Mótsagnirnar sem felast í því að líta á sagnfræði sem bókmenntir, sprötnar algerlega úr hugarheimi höfundar, komu vel í ljós þegar Hayden White viðurkenndi að frá siðferðilegum sjónarhóli væri óviðundandi að neita því að helförin hefði átt sér stað, en þó væri ógerlegt að staðfesta með hlutlægum hætti í sögulegri frásögn að hún hefði gerst.“ 25

„Póstmódernísk gagnrýni á hefðbundin vísindi og hefðbundna sagnfræði hefur rétt af mikilvæg atriði í hugsun og verklagi sagnfræðinnar. Hún hefur ekki lagt að velli hollustu sagnfræðingsins við það hlutverk sitt að endurskapa raunveruleikann né trú hans á röklegar rannsóknir, en hún hefur sýnt fram á að hvort tveggja er í eðli sínu flókið. Ef til vill má sjá í sögu sagnfræðinnar látlausar samræður sem fjölgar sjónarhornunum, þótt hún nái aldrei neinum endimörkum.“ 28

„Nú leituðu sagnfræðingar í skjalsöfnin til að renna stoðum undir þjóðernis- og stéttbundna fordóma sína og gefa þeim þannig vísindalegt yfirbragð. Menn töldu að hið nýja sögulega viðhorf, sem síðar var nefnt söguhyggja (historicism eða Historismus), væri mikið menningarlegt framfaraspor. En söguhyggjan var annað og meira en kenning um söguna. Hún fól í sér heildstæða heimspekilega afstöðu til lífsins, einstaka blöndu af vísindalegri aðferð, einkum í mann- eða menningarvísindum, og skilningi á pólitískri og félagslegri skipan. Hún gerði ráð fyrir því, eins og Ortega y Gasset orðaði það, að „maðurinn ... hafi enga náttúru; það sem hann hafi sé ... saga.“ En jafnframt gekk hún út frá því að sagan hefði merkingu og þessi merking opinberaði sig eingöngu í sögunni. Séð frá þessum sjónarhóli varð sagan að einu hugsanlegu aðferðinni til að rannsaka mannlegar athafnir. Síðar notuðu sagnfræðingar og félagsheimspekingar eins og Ernst Troeltsch og Friedrich Meinecke hugtakið söguhyggja til þessa að lýsa ríkjandi áhrifum í þýskum vísindum á 19. öld og reynsluheimi hinnar

áhrifamiklu borgarastéttar. Árið 1936 talaði Friedrich Meinecke um söguhyggjuna sem „hið hæsta stig mannlegs skilnings.“ (Georg G. Iggers. Sagnfræði á 20. öld. frá vísindalegri hlutlægni til póstmóderískrar gagnrýni. (Þýðendur: Eiríkur K. Björnsson, Ólafur Rastrick og Páll Björnsson.) Háskólaútgáfan, Rvk. 2004, bls. 39.)

Um aldamótin 1900 fór Ernst Troeltsch að ræða um „kreppu söguhyggjunnar“. Hann gerðist talsmaður þess viðhorfs, sem þá var að breiðast út, að rannsóknir í sagnfræði hefðu sýnt fram á afstæði allra gilda og afhjúpað merkingarleysi veruleikans.“ (Sama rit, bls. 41.)

„Rannsóknir [Hans-Ulrich] Wehlers og þeirra sagnfræðinga sem voru nánir samstarfsmenn hans í hinum svokallaða „Bielefeld-skóla“ [stofnaður 1971] – sem í raun er ekki skóli heldur hópur sagnfræðinga sem hafa svipuð viðhorf til fræðanna en nokkrir þeirra voru við háskólann í Bielefeld – byggðust á tveimur grundvallarforsendum. Í fyrsta lagi töldu þeir að sagnfræðin ætti að taka á sig form félagsvísinda, ætti að verða að „sögulegum félagsvísindum“ (Historische Sozialwissenschaft) eins og Wehler nefndi það, sem ólíkt atferlisvísindum innan bandarísku hefðarinnar skoðaði þjóðfélagið með skýrum spurningum sem varða félagslegar breytingar. Í öðru lagi töldu þeir að nán tengsl væru á milli vísindarannsókna og samfélagslegrar þátttöku.“ 84

„Jafnframt telur Wehler að sagnfræðingar beri pólitíska ábyrgð. (84) ... Hugmynd hans um nývæðingu hefur því hagnýtt (84) gildi. Sagnfræðin á ekki aðeins að verða að félagsvísindum heldur að gagnrýnum félagsvísindum. Hún styður því nútímavæðinguna sem ferli stöðugra umbreytinga þar sem vísindi og tækni þróast samhliða því sem frelsið eykst, stjórn málin þroskast og ábyrgð meðlima samfélagsins vex.“ 85

„Í „nýju menningarsögunni“ (New Cultural History) gætti mikillar svartsýni um þróun og lífsgæði vestrænnar menningar. Afstaða þessarar nýju sögu til marxismans var mótsagnakennd. Hún tók undir áhersluna á frelsunarhlutverk sagnfræðinnar en leit allt öðrum augum en klassískur (114) marxismi á hvað það væri sem verið væri að frelsa konur og karla frá. Orsakir arðráns og yfirráða væri ekki eingöngu að finna í stofnunum, stjórn málum eða hagkerfinu. Miklu fremur væri þeirra að leita í hinum ýmsu persónulegu samskiptaháttum sem einstaklingar nota til að ráða yfir öðrum. Því tóku einnig samskipti kynjanna á sig nýtt og mikilvægt hlutverk. Foucault kom í stað Marx sem sá er greindi valdið og samband þess við þekkinguna.“ 115

„Sagnfræðingum í Þýskalandi sem skrifa undir merkjum þeirrar mannfræði og einsögu sem við höfum nú rætt svipar um margt til iðkenda ítölsku einsögunnar (microstoria), þótt grundvallarmunur sé þar á. ... Aðalfulltrúar ítölsku hefðarinnar, Carlo Ginzburg, Carlo Poni, Giovanni Levi og Edoardo Grendi, hófu feril sinn sem marxistar. ... Þeir vildu gefa sagnfræðinni mennskt yfirbragð á ný og snerust þeir ekki einungis gegn hefðbundnum marxisma heldur einnig greinandi félagsvísindum og Annálahreyfingunni. Sjónarhorn Annálahreyfingarinnar var mun víðara en bæði marxisma og félagsvísindalegrar sagnfræði, en þótt í húsi Braudels væru margar vistarverur, sem rúmuðu margskonar viðhorf og aðferðir, eins og Levi komst að orði, bjó ekkert fólk í þeim.

Iðkendur ítölsku einsögunnar vilja snúa til baka að reynslu raunveruleg fólks eins og þýsk starfssystkini þeirra.“ (124) ... „Þeir staðhæfa að sagnfræðingurinn fáist við raunveruleg viðfangsefni.“ 125

„Þótt ítalska einsagan telji þannig að hlutlægni séu takmörk sett, eru fjölmargar ályktanir sem hún á sammerkt með eldri félagsvísindum og greina hana frá nálgunum Foucaults og Geertz. Hjá Foucault, skrifar Edward Muir, „geta kenningar ekki öðlast staðfestingu þar sem mælikvarðarnir sem þær eru metnar eftir byggjast á nútímavísindagrein sem þröngvar fortíðinni í mót samtímans. Rétt niðurstaða er sú sem er í samræmi við þá skipan sem skilgreind hefur verið af sérfræðigrein eða stofnun. Ginzburg og Levi telja þetta undanslátt. „Hvort eitthvað sé rétt eða rangt verður að vera ákvarðað af hlutstæðum og raunverulegum vitnisburði sem fortíðin hefur skilið eftir sig.“ 127

„Einsögufræðingar hafa lengi sætt þeirri gagnrýni: (1) að aðferðir þeirra, þar sem áherslan er á lítil snið sögunnar, takmarki hana við fróðleikssöfnun um einstök atvik; (2) að þeir fegri liðna menningu; (3) að einskorðun þeirra við tiltölulega stöðug menningarsamfélög sýni að þeir geti ekki (130) fjallað um samfélög síðari tíma sem einkennast af hröðum umskiptum og (4) þessu tengt, að þeir séu ófærir um að fjalla um stjórnmál.“ 131

„Þegar öllu er á botninn hvolft er einsagan ekki afneitun á sögunni í almennu félagslegu samhengi heldur fremur viðbót við hana.“ 134

„Grunnhugmynd póstmódernískrar söguspeki er afneitun þess að sagnfræðileg skrif vísi til raunverulegrar sögulegrar fortíðar. Þannig héldu Roland Barthes og Hayden White því fram að sagnfræði greindist ekki frá skáldskapi, heldur væri ein gerð hans. Í bókinni *Metahistory: The Historical Imagination in the Nineteenth Century Europe* (1973) reyndi White að sýna fram á með dæmum af fjórum sagnfræðingum (Michelet, Tocqueville, Ranke og Burckhardt) og fjórum söguspekingum (Hegel, Marx, Nietzsche og Croce) að engin viðmið til að ganga úr skugga um sannleiksgildi í sögulegum frásögnum væru til. Af því leiddi að ekki væri heldur enginn grundvallarmunur á sagnfræðiskrifum og söguspeki. Með heimildarýni væri eflaust hægt að komast að staðreyndum, en hvaða skref sem stigið væri lengra í þá átt að búa til sögulega frásögn stýrðist að mati Whites af fagurfræðilegum skrifum. Mælskulistin, heldur hann áfram, veitir sagnfræðingnum takmarkað svigrúm þar eð uppbygging og að vissu marki einnig innihald greinargerða þeirra er fyrirfram ákveðið og því eru, eins og áður kom fram, „sagnfræðilegar frásagnir skáldskapur inntak þeirra er ekkert síður búið til en uppgötvað og upp-(1135) bygging þeirra er meira í ætt við frásagnir bókmenntanna en rannsóknir vísindanna.“ 136

„Á meðal þeirra sem á síðari tímum hafa ögrað hugmyndinni um að vísindaleg rannsókn leiði til sívaxandi skilnings á raunveruleikanum verður að g reina milli róttækra efahyggjumanna eins og Gaston Bachelards og Paul Feyerabends annars vegar, og hins vegar þeirra sem að-(136)hyllast sögulega afstæðishyggju eins og Thomas Kuhn. Bachlard og Feyerabend telja vísindin skáldlegt viðfangsefni sem búi ekki yfir einkvæmri röksemdafærslu eða rannsóknaraðferð. Í bókinni *The Structure of Scientific Revolutions* (1960) hélt Kuhn því fram að ekki væri unnt að skilja vísindin sem endurspeglun á hlutlægum veruleika. Hann leit ekki á þau sem skáldskap heldur sögulega og menningarlega skilyrta orðræðu meðal fólks sem væri sammála um þær reglur sem stýrðu orðræðunni. Í hans augum eru vísindin stofnanavædd gerð vísindalegrar rannsóknar, leið til að fást við veruleikann í vísindalegu samfélagi, þar sem þeir sem aðild eiga að því eru á einu máli um aðferðir rannsókna og skýringa. Kuhn setur fyrirvara um tengsl vísinda og veruleika, en hann efast ekki um, og er þar á öndverðum meiði við Bachlard og Feyerabend, að hægt sé að leggja stund á skynsamlega vísindaleg orðræðu.“ 137

„Þeir sem hafa tekið þátt í þessari umræðu [um tengsl tungu og sögu] hafa með réttu vakið máls á því að í sögunni er hvorki eðlislægt samhengi né samræmd heild, að sérhver skilningur á sögunni er mannvirki sem sett er saman úr tungumálinu, að einstaklingar búa ekki yfir samræmdum persónuleika sem er laus við þverstæður og (150) tvíræðni, og að hvaða texta sem er má lesa og túlka með ýmsu móti þar sem í honum felst aldrei ótvíræð ætlan. Foucault og Derrida hafa með sterkum rökum bendlað tungumálið við pólitík og bent á stigveldið sem er byggt inn í það. Þessar þverstæður, sem gegnsýra allt mannlegt líf, leiða í ljós hugmyndafræðilega þætti hans. Hverjum veruleika er ekki að eins miðlað af orðræðu heldur er hann í grundvallaratriðum einnig skapaður af henni.“ 151

Íslensk sagnfræði á 20. öld. Útg. Guðmundur J. Guðmundsson og fl. Sögufélag 2009. Gísli Gunnarsson. Íslenskt samfélag 1550-1830 í sagnaritun 20. Aldar. Bls. 83-108 Íslensk sagnfræði á 20. öld. Útg. Guðmundur J. Guðmundsson og fl. Sögufélag 2009.

„Sá sagnfræðingur sem ranglega hefur verið talinn merkisberi sagnfræði í anda fortíðarhyggju og þjóðernisstefnu hér á landi, Jón Aðils, gerði sér glögga grein fyrir þeirri kúgun sem leiguliðar og tómshúsmenn fyrri alda höfðu mátt þola.“ 84-85

Gunnar Karlsson. Sagan af þjóðríkismyndun Íslendinga 1830 – 1944, bls. 109-134 Íslensk sagnfræði á 20. öld. Útg. Guðmundur J. Guðmundsson og fl. Sögufélag 2009.

„... svokallaður módernismi í þjóðernishyggjurannsóknum, sú kenning að pólitísk þjóðernishyggja, óskín um að mörk þjóðar og ríkis falli saman, hafi lítt eða ekki orðið til fyrr en á nýöld. Án þess að það sé nauðsynlega rökrétt afleiðing af þessari kenningu hefur fylgt módernismanum nokkurs konar afhelgun þjóðernishyggjunnar, tilhneiging til að ganga nær henni fjalla um hana af minni virðingu en áður, og við það vakna óhjákvæmilega í tilfelli okkar Íslendinga spurningar um það frelsi sem forvígismenn sjálfstæðisbaráttunnar þóttust vilja sækja í greipar Dana.“ Gunnar Karlsson. Sagan af þjóðríkismyndun Íslendinga 1830 – 1944 (109-134), bls.127.)

Loftur Guðmundsson. Rannsóknir í félagssögu 19. Og 20. Aldar. 135-160 Íslensk sagnfræði á 20. öld. Útg. Guðmundur J. Guðmundsson og fl. Sögufélag 2009.

„Að svo miklu leyti sem félagssaga kom yfirleitt fram sem tiltölulega sjálfstæð undirgrein í sagnfræði á fyrri helmingi [tuttugustu] aldarinnar, var það í merkingunni „sagan neðan frá“ [history from below] eða „saga alþýðu“. (Loftur Guðmundsson. Rannsóknir í félagssögu 19. og 20. aldar. (135-160), bls. 137.)

„Það var fyrst með vaxandi sérhæfingu í sagnfræði og þenslu háskólastigsins á Vesturlöndum á sjöunda áratug [tuttugustu]aldarinnar að félags- og fólksfjöldasaga afmarkaðist sem meira eða minna sjálfstæð undirgrein, með sínar eigin „launhelgar“, tímarit, ráðstefnur o.þ.h. Þetta gerðist að miklu leyti fyrir áhrif hina ört vaxandi félagsvísinda, lýðfræði, félagsfræði og síðar mannfræði – áhrif sem voru fjarri því einhliða heldur gagnvirki. Svo rík voru þessi áhrif að segja má að nýtt kennimið, „félagsvísindasaga“ (social science history), hafi rutt sér til rúms í Evrópu og Norður-Ameríku. Iðkendur hinnar nýju, greinandi sagnfræði, eins og farið var að kalla félagssöguna á áttunda áratugnum, tileinkuðu sé í ríkum mæli kenningarleg sjónarmið í anda formgerðarstefnu [structuralism] og nýmarxisma og beittu gjarnan tölfræðilegum, meginlegum aðferðum þar sem tölvutækni kom brátt til skjalanna. Áberandi er hve mikil útvíkkun á verkefnasviði félagssögunnar fylgi þessum skoðunarhætti.

Hér á landi varð þó nokkur bið á að félagssaga í hinum nýja stíl ryddi sér til rúms, það gerðist ekki fyrr en um 1980.“ (Loftur Guðmundsson. Rannsóknir í félagssögu 19. og 20. aldar. (135-160), bls. 138.)

„Líta má á mótun félagssögunnar nýju sem þátt í mjög almennum breytingum sem gengu yfir akurlendi sagnfræðinnar á árunum upp úr 1960. Félagsvísindaleg viðmið settu mark sitt á efnistöð og vinnubrögð sagnfræðinga á æ fleiri efnissviðum. En eftir því sem leið á níunda áratuginn tóku lykilhugtök í félagslegri greiningu, eins og formgerð og stétt, að víkja fyrir menningarbundnum viðmiðum, eins og hugarfari, reynslu, vitund og merkingu. Líta má á vöxt hugarfarssögunnar sem lið í þessari áherslubreytingu frá hinu félagslega til hins menningarlega. Menningarbundinna áherslna gætti raunar þegar í verkum sumra iðkenda nýju félagssögunnar hér á landi. Á síðustu árum hafa þær komið skýrar fram í ritum þeirra sem kenna sig við „einsögu“ (micro-history) og gagnrýna félagssögufraeðinga níunda áratugarins gjarnan fyrir að hafa lagt of einhliða áherslu á formgerðir þjóðfélagsins, sem hneppi einstaklingana í viðjar, og fyrir að virða að vettugi möguleika þeirra sem sögulegra gerenda, gæddra sérstakri reynslu, vitund og athafnarými. Þessi gagnrýni speglar að verulega leyti póstmóðernísk sjónarmið; til áhrifa þeirra m.a. má rekja að í ýmsum nýlegum rannsóknum eru fjarri því skýr mörk milli félagssögu og menningarsögu.“ (Loftur Guðmundsson. Rannsóknir í félagssögu 19. og 20. aldar. (135-160), bls. 139.)

Guðmundur Jónsson. Sagnaritun um hagsögu 19. og 20. aldar. (161-186). Íslensk sagnfræði á 20. öld. Útg. Guðmundur J. Guðmundsson og fl. Sögufélag 2009.

„Hagsaga gekk í endurnýjun lífdaganna á áttunda og níunda áratugnum. Áhugi á greininni var öðrum þræði merki um að efnahagsleg túlkun á sögunni vann á innan sagnfræðinnar og í sumum ritum kenndi sögulegrar efnishyggju í anda marxisma, þar sem stéttaskipting og stéttabarátta gegndu mikilvægu hlutverki í framvinu sögunnar. Í aðferðum og efnistöðum nálgadist hagsagan félagsvísindin með því að kanna sögulegan efnivið út frá kenningum meira en áður var gert og lýsa formgerð og starfsháttum hagkerfisins. Notkun tölfræðilegar heimilda jókst enda fáar greinar sagnfræði betur fallnar til tölfræðilegrar greiningar en hagsagan.“ (Guðmundur Jónsson. Sagnaritun um hagsögu 19. og 20. aldar. (161-186). Íslensk sagnfræði á 20. öld. Útg. Guðmundur J. Guðmundsson og fl. Sögufélag 2009, bls. 168.)

Guðmundur Hálfðánarson. Rannsóknir í menningar og hugmyndasögu 19. og 20. aldar. 187-205.

„Fá hugtök hug- og félagsvísinda er jafn erfitt að skilgreina og afmarka og hugtakið menning – eða culture á enskri tungu. Merking íslenska orðins vísar til þess sem greinir skepnuna maður frá öðrum dýrum – gerir hana mennska – og ætti því að tákna alla mannlega athöfn, verklega jafnt sem andlega, sem er sérstök fyrir þessa dýrategund. Í reynd hefur það þó oft tekið á sig sérstakari merkingu, eða þá sem bandaríski mannfræðingurinn Roy Wagner hefur nefnt „óperuhússkilning“ á hugtakinu menning. Þegar hugtakið er notað á þennan hátt merkir menning fyrst og fremst andlega iðju, svo sem listir, bókmenntir og heimspeki, eða það sem stundum er nefnt hámenning. Gegn þessari þröngu skilgreiningu menningarhugtaksins hafa fræðimenn oft stefnt kenningum bandaríska mannfræðingsins Clifford Geertz, en að hans dómi táknar menning (þ.e. culture) „táknbundinn og sögulega erfð merkingarmynstur, kerfi arfgengs skilnings sem tjáður er í tákngerðum formum og menn nota til samskipta, til að varðveita og þróa þekkingu sína um lífið og viðhorf til þess.“ Þannig fellir Geertz allt hátterni mannsins sem hann tjáir með táknrænum hætti undir menningarhugtakið, þ.e.a.s. allt sem menn tjá með orðum, líkamshreyfingum, hljóðum, myndum, eða á anna táknbundinn hátt, og

aðrir menn skilja, telst menning - ...“ (Guðmundur Hálfðánarson. Rannsóknir í menningar og hugmyndasögu 19. og 20. aldar, 187-205. Íslensk sagnfræði á 20. öld. Útg. Guðmundur J. Guðmundsson og fl. Sögufélag 2009, bls. 188-189.)

Margrét Guðmundsdóttir. Landnám kvennasögunnar á Íslandi. Íslensk sagnfræði á 20. öld. Útg. Guðmundur J. Guðmundsson og fl. Sögufélag 2009, bls.229-247

„Fræðimenn hafa sett fram mismunandi skilgreiningar á hugtakinu kvennasaga. Norski sagnfræðingurinn Ida Blom valdi víðfema skilgreiningu þegar hún sagði að „kvennasaga væri safnhugtak yfir allar rannsóknir, sem fjalla um líf og störf kvenna í fortíð og vandamál sem brunnu á konum fyrri tíma. Þessi skilgreining var gagnrýnd bæði af femínistum og marxistum sem vildu þrengja og afmarka hugtakið. ...

Þegar í byrjun 18. aldar var farið að rita kvennasögu í Vestur-Evrópu og rekja má þrjú blómaskeið í þróun hennar. Það fyrsta var um og eftir frönsku stjórnarbyltinguna, annað á árunum 1880-1930 og það þriðja hefst með tilkomu nýju kvennahreyfingarinnar á sjöunda áratug líðandi aldar [tuttugustu]. (Margrét Guðmundsdóttir. Landnám kvennasögunnar á Íslandi. Íslensk sagnfræði á 20. öld. (229-247). Útg. Guðmundur J. Guðmundsson og fl. Sögufélag 2009, bls.229.)

„Rannsóknastofa í kvennafræðum var sett á fót við Háskóla Íslands árið 1990 ... Helga Kress prófessor og helsti brautryðjandi kvennafræði hér á landi [segir]: „Strangt til tekið eru kvennarannsóknir þær rannsóknir sem unnar eru út frá kvennafræðilegu, eða femínísku, sjónarhorni og hafa það að markmiði að bæta stöðu kvenna í samfélagi kynjanna. ...“ ... Háskólanemar hafa ekki sýnt verulegan áhuga á sögu kvenna.“ (Margrét Guðmundsdóttir. Landnám kvennasögunnar á Íslandi. Íslensk sagnfræði á 20. öld. (229-247). Útg. Guðmundur J. Guðmundsson og fl. Sögufélag 2009, bls.234-235.)

„Kvennasaga hefur þá sérstöðu meðal íslenskra kvennafræða að karlmenn hafa lagt henni töluvert lið. Már Jónsson hefur verið afkastamestur en fast á hæla hans kemur Gísli Ágúst Gunnlaugsson.“ (Margrét Guðmundsdóttir. Landnám kvennasögunnar á Íslandi. Íslensk sagnfræði á 20. öld. (229-247). Útg. Guðmundur J. Guðmundsson og fl. Sögufélag 2009, bls.236.)

„Róttækir femínistar hafa haldið þeirri skoðun á lofti að karlmenn væru ekki gjaldgengir í kvennafræðum.“ ... Liðveisla karlmanna skýrir sennilega hve mikillar velvildar kvennasagan hefur notið samanborði við önnur kvennafræði, til að mynda kvennabókmenntir.“ (Margrét Guðmundsdóttir. Landnám kvennasögunnar á Íslandi. Íslensk sagnfræði á 20. öld. (229-247). Útg. Guðmundur J. Guðmundsson og fl. Sögufélag 2009, bls.237.)

„Aðalheiður Steingrimsdóttir varð [...] fyrst til að gera tilraun til að útskýra hvað kvennasaga væri. Ein niðurstaða hennar sem ástæða er til að halda á lofti var að kvennasaga ætti ekki eingöngu að fjalla um konur heldur einnig um tengsl kynjanna í félagslegu samhengi. Konur hafa aldrei lifað eins og einangruð atóm án samskipta við hitt kynið og þau tengsl hljóta óhjákvæmilega að tengjast rannsóknnum á sögu kvenna, hvort sem menn kjósa að kenna fræðin við kynjafræði eða kvennasögu.“ 238

„Í lok níunda áratugarins [á tuttugustu öld] náði sú skoðun fótfestu að kvennasaga væri gengin sér til húðar. Kynjasaga var sett í öndvegi undir þeirri leiðarstjórn að leggja bæri höfuðáherslu á að rannsaka þróun kynhlutverka eða félagslega sköpun kynferðis.

Kvennasagan var gagnrýnd fyrir að einblína á konur og víkja karlmönnum burt af spjöldum sögunnar. Flestir þeirra sem markað hafa sér bás undir merkjum kynjafræðanna hafa engu að síður lagt megináherslu á að rannsaka konur.“ (Sama rit, bls. 241-242)

Páll Eggert Ólason. Jón Aðils. Skírnir XCIV. Árg.1920, 225-248: „Sá maður, sem hér verður nú nokkuð sagt frá er einn fárra Íslendinga, sem tamið hafa sér sagnritun með þeim hætti, sem kröfur síðari tíma hafa sett.“ 225

Um alþýðufyrirlestra 1902-1903, sem höfðu mikil áhrif. 242

„Yfirleitt er rit þetta samið eftir öðrum ritum, útlendum og innlendum, og liggja ekki vísindalegar rannsóknir að baki. Má og yfirleitt segja, að rökstuðning dóma höfundarins sé hér í veigaminna lagi.“ 242

„Jón sagnfræðingur var hámenntaður og víðlesinn.“ 247

Jón Jónsson (1869-1920), sem síðar tók sér ættarnafnið, Aðils, lauk stúdentsprófi frá Lærða skólanum í Reykjavík árið 1889, settist um haustið á skólabeck í Kaupmannahöfn, þar sem hann hugðist nema læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Tveim árum síðar söðlaði hann um og tók að leggja stund á sagnfræði. Því námi lauk hann ekki að heldur, en rannsakaði sögu Íslands á átjándu öld, vann um skeið í ríkisskjalasafni Dana og var kennari í tvo vetur, áður en hann hélt heim á leið. Þar var hann m.a. bókavörður við Landsbókasafnið 1906-1911, sat á Alþingi 1911 til 1913 sem fulltrúi Reykvíkinga. Jón sat á þingi fyrir Heimastjórnarflokk og Sambandsflokk. Flutti fyrirlestra um sögu Íslands, en við stofnun Háskóla Íslands 1911 varð hann fyrsti sögukennari hans; dósent þar til 1919 og gerður að heiðursdoktor sama ári. Reit fjölda rita um íslenska sögu, m.a. það, sem hér er til umfjöllunar. Doktorsritgerð hans fjallaði um einokunarverslun Dana á Íslandi 1602-1787.

(Alþingi. Jón J. Aðils. Æviágrip. <http://www.althingi.is/alttext/cv/is/?nfaerslun=292> (lesið 18. okt. 2014) og Wikipedia. Jón Jónsson Aðils. http://sv.wikipedia.org/wiki/J%C3%B3n_J%C3%B3nsson_A%C3%B0ils (lesið 18. okt. 2014)

Karlmennska, kvenleiki og íslenskt þjóðerni. Viðtal við Sigríði Matthíasdóttur. Morgunblaðið 29. maí 2004. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/801022/> (lesið 18. okt. 2014).

„Í byrjun [tuttugustu] aldarinnar breytast þjóðernishugmyndir Íslendinga meira en menn hafa almennt gert sér grein fyrir eða rannsakað öllu heldur í sagnfræðinni. Þetta eru hugmyndir sem voru fyrir hendi áður í íslensku samfélagi en þær styrkjast og eru bræddar saman í heilsteyptara sögulegt hugmyndakerfi heldur en áður var og þær eru breiddar út til fólks miklu markvissar en nokkru sinni fyrr. Sagnfræðingurinn Jón Jónsson Aðils leikur lykilhlutverk í þessari þróun.“ (Karlmennska, kvenleiki og íslenskt þjóðerni. Viðtal við Sigríði Matthíasdóttur. Morgunblaðið 29. maí 2004. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/801022/> (lesið 18. okt. 2014)).

„Það er reyndar mjög athyglisvert að íslenskir stjórnámálemenn og alþingismenn í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. voru margir hverjir mjög hlynntir kvenréttindum og beittu heldur ekki rökunum um sérstakt siðferði kvenna. Þeir héldu fram þeim rökum að konur væru menn og bæri jafn réttur af þeim sökum á við karlmenn. Kvenréttindahreyfingin á hinn bóginn nýtir sér hugmyndirnar um sérstakt siðferði kvenna mjög ákveðið og þó þetta hljómi kannski

einkennilega í dag var þetta tilraun af hálfu kvenna til að snúa sér í hag þessari ríkjandi hugmynd um eðli kvenna. Samhliða þessu eru í gangi stöðugur umræður um andlegt atgervi kvenna.“ (Karlmennska, kvenleiki og íslenskt þjóðerni. Viðtal við Sigríði Matthíasdóttur. Morgunblaðið 29. maí 2004. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/801022/> (lesið 18. okt. 2014)).

Jón Jónsson. Íslenskt þjóðerni. Alþýðufyrirlestar. (Rvk., Sigurður Kristjánsson, 1903) (fyrirlestrarnir voru einnig gefnir út undir titlunum, íslenskt þjóðerni, gullöld Íslendinga og Dagrenning 1903 til 1910)

„ ..., sem snertir þjóðernið sjálft og þjóðernistilfinninguna. Skal þá fyrst byrjað með því, að skýra frá uppruna þess og grafast fyrir ræturnar að því, ...“ ... Því næst skal bent á aðal einkenni hins íslenska þjóðernis á söguöldinni, sérstaklega að því leyti, sem þau koma fram í tveim hliðum þjóðlífsins, sem hafa borði nafn Íslendinga út um víða veröld, en þessar tvær hliðar eru: forníslenskar bókmentir og forníslensk stjórnskipun. Enn fremur mun ég leitast við að sýna fram á, hvernig ættjarðarástin og þjóðernistilfinningin vaknar hjá Íslendingum með stofnun alsherjarríkis á Íslandi, hvernig þær þroskast og dafna við sjálfstjórnina ...“ ...

„...hvernig enn lifir þó eftir sjálfstæðisneisti í brjósti þjóðarinnar, sem hamlar henni frá að ofurselja sig skilyrðislaust ...“ ... Þessi sjálfstæðisneisti slokknar aldrei til fulls. Hann blossar upp öðru hvoru og knýr þjóðina til að streitast á móti kúgun og valdboði hinna útlandu höfðingja öld eftir öld. Þjóðernistilfinningin deyr aldrei út. Hún rénar aða vísu og dofnar annað veifið og lætur aðeins örlítið á sér bera, en reisir þó stöðugt höfuðið á milli og lætur heyra sína gjallandi viðvörunarröddu, þegar sem mestur voði vofir yfir þjóðinni.“ (1)

„Þá mun enn verða sýnt, hvernig mesta niðurlægingartímabilið í lífi þjóðarinnar einmitt um leið er það tímabilið, þegar þjóðernistilfinningin er daufust og lætur sem minst á sér bera, - svo aftur hitt, hvernig þá fyrst tekur að marki að rofa fyrir sól og sumri í lífi hennar, þegar sú tilfinninga raknar við, minnst uppruna vorrar fornu frægðar og knýr þjóðina til að rækja tungu sína og forn bókmentir. Þar eru vegamótin í lífi íslensku þjóðarinnar. Þá hættir hún að reika á villigötum og víkur inn á þá braut, sem liggur til framsóknar og farsældar.

Að lokum mun svo skýrt frá því, hvernig þjóðernistilfinningin ryður sér meir og meir til rúms, hvernig hún læsir sig inn í hug og hjörtu þjóðarinnar með ljóðum skáldanna, með orðum og áheitum ættjarðarvinanna og með endurfæddum bókmentum þjóðarinnar. Þetta mun svo að síðustu gefa tilefni til að fara nokkrum orðum um, hverjar framtíðarvonir vér getum bygt á fortíðarreynslu.“ 2

„... verður lögð minni áherzla á að skýra frá viðburðunum sjálfum, en frá orsökum þeirra og afleiðingum, því það er og verður jafnan aðal kjarni sögunnar.

Viðburðirnir koma þá fyrst fram í sinni fullu og réttu þýðingu, þegar þeir eru settir í innra samband hvor við annan og skoðaðir sem liðir í einni óslitinni heild.

Það eru aðal straumarnir í sögu landsins, örlagþráðurinn í lífi þjóðarinnar, sem hér verður leitast við að einkenna og rekja.

Það er að sönnu við því búið, að ekki verði hægt rúmsins vegna að rökstyðja til hlítar allar þær skoðanir, sem hér verða framsettar og kunna í sumum atriðum að brjóta bág við eldri skoðanir. ...

... ég er reiðubúinn að verja þær með oddi og egg, eins og menn segja, ef til þess kemur, því þær eru sprotnar af lengri og ýtarlegri rannsókn og íhugun.“ 2

„Í þessu efni eru Íslendingar líklega betur settir en nokkur önnur þjóð. Saga þeirra verður því fjölskrúðugri og tilkomumeiri, sem lengra dregur aftur í tímann, og þótt hin elztu rit voru láti sumra atriða ógetið, eða minnst aðeins lauslega á þau, þá eigum vér samt, í samanburði við aðrar þjóðir, mjög ljósar og áreiðanlegar frásagnir um uppruna þjóðarinnar og elztu tilveru.“ 3

„Frá vesturströnd Noregs, - Hörðalandi t.d. -, var ekki nema tveggja daga haf vestur til Hjaltslands. Þaðan sér í skíru veðri hylla undir Orkneyjar, og frá Orkneyjum er aðeins kippkorn til Suðurreyja. Á þeirri leið gátu þeir haft landsýn af vesturströnd Skotlands, og þegar sunnar dró lá austurströnd Írlands og Bretland eða Wales opið fyrir þeim. Þessi leið lá fyrir þeim eins og rakið spor.“ (Jón Jónsson. Islenzkt þjóðerni. Alþýðufyrirlestar. (Rvk., Sigurður Kristjánsson, 1903), bls. 5-6.)

„Víkingalífið var eins og örfandi og æsandi leikur milli lífs og dauða. Þar var stöðugt um tvent að tefla: gullið og gæfuna annars vegar og gröfina hins vegar.“ 6

„Nú má sjá það af samanburði bæði á staða- og ættanöfnum, ásamt öðrum fleiri sögulegum rökum, að íbúanir í Suðreyjum og Galloway [Skotlandi] voru einmitt slíkir kynblendingar af Keltum og Skotum.“ 12

„Í Hafursfjarðarorustu var mest mannval saman komið á mót Haraldi konungi. Þau þrjú fylki, sem aðallega héldu þar upp vörninni, stóðu lang fremst í menninga af öllum fylkjum í Noregi, og var það að (21) þakka viðskiftum þeirra við Vesturlöndin, sem áður er minnst á. Þaðan höfðu víkingaflokkar farið vestur um haf og sótt gull og gersimar til keltnesku þjóðanna. En þeir sóttu um leið það sem meira er í varið, og það var menning og mentaprá og andleg áhrif í ýmsar áttir. Það eitt sýnir nægilega samband þessara fylkja við Vesturlöndin, að fjölda margir menn komu vestan um haf til að berjast á móti Haraldi konungi í Hafursfirði.“ 22

„Í hinu mikla landnámi Ingólfs, sem náði frá Hvalfirði til Ölfusár og tók þannig yfir alla Kjósar- og Gullbringusýslu, sem nú er kallað, og talsverða sneið af Árnassýslu, bygði margir vestan um haf.“ ... Fyrir botninum á Hvalfirði, og á takmörkunum milli landnáma þeirra Ingólfs og Skallagríms, bygði írskur maður Ávangur að nafni í Botnsdal.“ 30

„Þá tekur næst við landnám Skallagríms. Þar bygðu þó nokkrir vestan um haf. Á Akranesi námu þeir land Bresasynir, Þormóður hinn gamli og Ketill, faðir Jörundar kristna. Þeir komu af Írlandi, og Styrmir fróði kallar þá írska, en lengra fram voru þeir ættaðir úr Raumsdal. ... Í landnámi Ketils bygði írskur maður, Bekan að nafni, fyrir norðan Akrafjall. Efst upp til fjalla, milli Hvítár og Norðlingafljóts, bygði suðureyskur maður, Kalman að nafni. Kýlan bróðir hans bjó fyrir neðan Kollshamar.“ 30

„Þá er komið landnám að Breiðafirði, en þar bygði eina mest mannval á öllu Íslandi, og var flest af því komið vestan um haf. Lang mest ber hér á hinn miklu ætt Ketils flatnes. Niðjar hans bygðu stór svæði í kring um Breiðafjörð og voru auk þess í tengdum og frændsemi við flesta meri háttar landnámsmenn á Vesturlandi og víðar um land.“ 31

„Vestfirðir voru mestmegnis byggðir vestan um haf.“ 32

„Í Árneshöfði var fjöldi manna kominn vestan um haf, einkum ofan til. Þar lenti að mestu allur hinn mikli ættleggur Ölvis barnakarls, sem lengi hafði haft fast aðsetur á Írlandi og í Orkneyjum, og í miklum tengdum við ætt Bjarnar bunu og ýmis stórmenni í Vestfirðingafjórðungi.“ 84

„Þegar þetta er dregið saman, þá kemur það upp úr dúrnum, að fimm þing á landinu eru mest megnis numin vestan um haf, og í fletum hinum þingunum má finna nokkra vestan að. Það eru því varla neinar öfgar þótt sat sé, að fullur helmingur Íslands bygðar sé kominn til landsins vestan um haf.“ 36

„Nokkrir af þeim landnámsmönnum vestan um haf, sem hér hafa verið taldir, voru al-keltneskir að kyni, eftir því sem næst verður komist, ... aðrir voru af blönduðu kyni, ...“ 36

„En um allan þorra þeirra manna, sem komu vestan um haf, vita menn með fullri vissu, að þeir voru búnir að dvelja langvistum í Vesturlöndum, að minsta kosti ein 20-30 ár, og höfðu sumir lifað þar í nánú sambandi við Kelta. Margir þeirra höfðu að minsta kosti að nafninu til tekið við trú og látið skírast vestan hafs, ...“ 37

„Í fornritum vorum er oft getið um man, bæði þræla og ambáttir, og um margt af því er tekið fram, að það hafi verið af írsku kyni. ... Nú mega menn ekki ætla, að þetta man hafi alt verið þýborið, eða yfir höfuð að tala af auðvirðilegum uppruna. Það var oft af göfugum ættum, jafnvel jarlborið og konungborðið, ...“ 38

„Hinn alkunni fræðimaður Guðbrandur Vigfússon, sem manna bezt og rækilegast hefur ritað um landnáms sögu Íslands og skýrt hefur sýnt fram á þessa flutninga vestan um haf, kemst það lengst, að hann tæpir aðeins á því, að þessi búferli forfeðra vorra kunni „getið hafa haft nokkur áhrif á þjóðarandann og gert hann líflegri og hvatlegri“, en aftekur um leið (39) með öllu, að það hafi í minsta máta breytt þjóðerninu, sem hann kallar norrænt í alla staða. Í sama strenginn taka flestir aðrir, sem ritað hafa um þetta mál.“ 40

„Þegar snemma á öldum, löngu áðu en þjóðirnar á meginlandinu tóki að rumska og jafna sig eftir byltar þjóðflutninganna, stofnuðu Írar mentaskóla hjá sér og lögðu stund á vísindi og fagrar listir. Þjóðlíf þeirra þroskaðist einmitt sérstaklega, - og í raun og veru alvega einhliða -, í þessa áttina.“ 42

„Sum af þessum klaustrum [á meginlandi Evrópu] urðu gróðrarstöð fyrir vísindi og lærdómslistir og gengu orð á sig um alla Norðurlönd, ... – og heimkynni þeirra Írland var í nokkrar aldir hér eftir aðalþing vísinda og bóklegra lista í Norðurlöndum.“ 43

„Írskir klerkar og klaustramenn lögðu sig ekki eingöngu eftir latínu, heldur einnig eftir grísku og hebresku. Þeir hófu fyrstir manna fornrit Grikka, þennan gimstein alheimsbókmenntanna, upp úr gleymsku og niðurlæginu og auðguðu anda sinn og þekkingu á lestri þeirra. Eftir það skifti svo um, að hver mentakynslóðin á fæt-(43)ur annari hefur nú öld eftir öld ausið þaðan sína beztu undirstöðufræðslu.

Sum af þessum ritum voru þýdd á írsku tungu, og Írar stóðu svo einir sér í þessari grein og sköruðu svo langt fram úr öllum öðrum, að skólarnir á meginlandinu sóttu þangað sína beztu kennara.

En Írar stunduðu fleiri lærdómsgreinar en málfræðina. Þeir voru svo vel að sér í stærðfræði og stjörnufræði, að engin önnur þjóð jafnaðist á við þá í þeim efnum, og þeir komu með ýms nýmæli viðvirkjandi tímatalinu.

Enn fremur sömdu þeir lærð og nákvæm landfræðisrit, sem bera vott um óvenju síðtæka þekkingu, og ýmisleg rit önnur létu þeir eftir sig liggja. Sum af þessum ritum eru enn til að sýna þau bezt, hve langt þeir eru á undan sínum tíma í allri mentun.“ 44.

„Írar voru að upplagi til sannkölluð skáldaþjóð. Eðli þeirra var næmt fyrir öllum áhrifum, færði þau ósjálfrátt í skáldlegan búning og fann þeim stað í söngvum og ljóðum.“ 45

„Írar voru hugvitsmenn hinir mestu í alls konar listum og snillingar í höndunum. Fornar írskar skinnbækur eru skreyttar hinum margbrotnustu listadráttum, svo óviðjafnanlega vel gerðum, að það ber að fegurð og snild af flest öðru, sem fram hefur komið í þeirri grein alt fram á vora daga. Þeir voru líka lista-smiðir á alla málma og greyptu svo fagurlega alls konar skrautmyndir á smíðisgripi sína, að afbragð þótt meðal annara þjóða.“ 46

„Þeir voru sannkölluð öfgaþjóð. Þeim var lest ósjálfrátt vel gefið. Þeir voru örir og viðkvæmir í lund, tilfinninganæmir og tilfinningarískir, en vilja og siðferðisprekið var ekki að sama skapi. Ímyndunaraflíð var svo ríkt hjá þeim, að hugsjónum þeirra héldu engin bönd.“

„Norðmenn og Írar voru sitt af hvorum kynþættinum innan hinnar miklu arisku ættar. Norðmenn voru af germönskum, en Írar af keltneskum uppruna. Þjóðirnar voru líka að eðlisfari gagnólíkar. Írar voru hugsjóna- og tilfinningarík þjóð, þeir voru öfgamenn og kunnu lítt taumhald á ástríðum sínum. Þeir líf var meir hugsjóna- og draumóralíf, en verknaðar- og framkvæmdalíf.“ 48

„Norðmenn voru aftur á móti fyrst og fremst af öllu framkvæmdaþjóð. Þeir voru dulir í skapi og létu tilfinningarnar og ástríðurnar lítt fá yfirhönd hjá sér, en þegar þeir sleptu þeim lausum til framkvæmda, þá héldu þeim engin bönd. Vilja- og framkvæmdaþrekið yfirgnæfði alt annað hjá þeim.“ 48

„Á Íslandi flendist að lokum blóminn af norrænum ættum úr Vesturlöndum, einmitt þeir mennirnir, sem ætla má að sérstaklega hafi verið næmir fyrir menningaráhrifum. ... Hér á Íslandi blönduðu þessir tveir kynþættir blóði. Hér rann saman í eitt andlegt fjör, hugvit og snild Keltanna, og djúpskyggi, staðfesta og viljaþrek Norðmannanna, og fæddi af sér þjóðlíf, sem varla hefur átt sinn líka í sögunni.“ 49

„Nú á dögum [um aldamótin 1900] eru skoðanir lærðra manna mjög svo skiftar um, hvar Eddukvæðin séu til orðin. Sumir nefna Noreg, aðrir Vesturlöndin eða Ísland, og enn aðrir Grænland.“ 50

„... að forníslenzkar bókmentir eru einmitt sérstaklega tengdar við þau svæði, sem byggðust vestan um haf. Í vesturhéruðum landsins, einkum sveitunum í kring um Breiðafjörð, og að nokkru leyti í suðurhéruðunum, - einmitt þeim svæðum, sem voru aðalból útflytjenda vestan um haf, eiga beztu sögur vorar og ritverk upptök sín, ...“ Og merkustu skáld, fræðimenn og rithöfundar þeirra tíma eru komnir af ættum, sem fluttu vestan umhaf.“ 53

„Frelsið er eitt af dýrustu hnossuþmannkynsins. Fyrir það hafa þjóðirnar barist öld eftir öld. ... En frelsið er eins og tvíeggjað sverð, - það er vandfarið með það. Sé frelsi einstaklingsins

takmarkað um of og sé því misboðið á nokkurn hátt, þá er heill og hagur þjóðfélagsins í veði. Sé því engin takmörk sett, þá er alt þjóðfélagslíf ómögulegt.“ 56

Um ættjarðarástina „Hún laðar og lokkar í vorblænum, þegar hann leikur um vangann; hún töfrar og seiðir í öldunum, þegar þær gnauða við borstokkinn; hún vekur já þeim megnast óyndi og sleppir ekki tökunum fyr en þeir snúa stafni heim.“ 66

„Þessi ættjarðarást og þjóðernisrækt forfeðra vorra, sem hér hefur verið bent á, var ekki neitt sérkenni einstakra manna eða einstakra kynslóða. Hún blossaði ekki upp annað veifið og hjaðnaði niður hitt veifið, eins og annars er títt um tilfinningar mann, og því síður var hún tekin fram aðeins til að skarta með henni við hátíðlega tækifæri, eins og því miður oft á sér stað umættjarðarástina nú á dögum [um aldamótin 1900]. ... Hún var erfðakostur allrar þjóðarinnar. Hún brann stöðugt eins og heldur fórnareldur í hjörtum landsins beztu sona og var þeirra tryggast vörn gegn öllu því, sem á nokkurn hátt gat miðað til að hnekkja þjóðarsjálfstæðinu.“ 71

„... atvinnugreinin, sem þeir biðu lang mestan hagnað af, ekki einungis í fjárhagslegu, heldur einnig í menningarlegu tilliti, en það var verzlun og siglingar. Þar sköruðu þeir [sögualdarmenn] langt fram úr öllum síðari kynslóðum. Þeir létu ekki aðrar þjóðir eingöngu fær sér það alt upp í hendurnar, sem þeir þurftu á að halda, heldur lögðu þeir sjálfir út á djúpið til að sækja það. Þeir sigldu til Írlands og Englands, Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og Eystarsaltslandanna og juku margfalt bæði sinni þjóðarauð og sinn þjóðarþroska með þessum siglingum. Þeir urðu sjógarpar engu minni en frændur þeirra Norðmennirnir og fund fyrstir mann bæði Grænland og Vínland ...“ 77

„Söguöldin er gullöld Íslendinga. Hún er það tímabil í sögu þeirra, sem ól göfugri og þrekmeiri kynslóð en nokkurt annað fyr eða síðar. Við hana eru hnýttar þjóðarinnar dýrustu endurminningar. Hvar sem litð er, þá blasir við augum þjóðlíf í fylsta og fegursta blóma. Framkvæmdaþrekið, hreystin og hugprýðin haldast þar í hendur við mannúð og göfuglyndi. Sterkar og djúpar tilfinningar eru þar tengdar ráðsnild og hyggjuviti. Hagsýni og dugnaður í veraldlegum eignum eru þar samfara mentaþrá og fegurðarsmekk. Það er eins og víkingalíf fornaldarinnar sé endurvakið í allri sinni fjölbreyttu dýrð, en um leið með nýjan og göfugan siðmenningarblæ yfir sér.“ 79

Um Gizur Ísleifsson. „Hann hafði verið við nám suður á Þýzkalandi eins og faðir hans, en hafði síðan lagt stund á kaupskap og verið lengi í förum meðan faðir hans lifði. Gizur biskup var einhver hinn mætast maður, sem nokkru sinni hefur verið uppi á Íslandi. Það er mælt að Haraldur konung Sig-(83)urðarson hafi einhverju sinni sagt, að úr Gizuri mætti gera þrjá menn; víkingahöfðingja, konung og biskup, og væri hann til alls vel fallinn.“ 84

„Skólann í Haukadal stofnaði Hallur Þórarinsson (996-1090). Hallur var framan af æfinni í kaupferðum og siglingum, og kyntist síðum og háttum annara þjóða; hann var fróðleiksmaður hinn mesti, ...“ 86

„Sú skoðun hefur nú á síðastliðnum mannsaldri alment rutt sér til rúms, að eitt hið insta lögmál jarðlífsins sé það, sem kallað er „baráttan fyrir tilverunni“... Þegar nánar er aðgætt, getur mönnum ekki láðst að veita því eftirtekt, að í sögunni ræður alveg tilsvarendi lögmál og tilsvarendi barátta, - það er baráttan um völdin. Það er hvorttveggja eitt og sama eilífa stríðið, sem aldrei linnir.“ 131

„Það er engu líkara en að dimmi af nótt í lífi þjóðarinnar eftir siðaskiftin, og þessi nótt grúfir yfir svört og þungbúin alt fram á 18. öld. Það er eins og síðust leifarnar af kjark og þreki og sjálfstæði líði undir lok, og jafnvel tunga þjóðarinnar er (179) orði spilt og dönskublandin. En í náttmyrkrinu má þó öðru hvoru eins og sjá rofa fyrir stjörnu í fjarska. Það er leiðarstjarna þjóðarinnar gegn um hættur og hafvillur, - þjóðernistilfinningin.“ 180

Ljóð Eggerts Ólafssonar (1726-1768): „Þau hreint og beint töfra fram fyrir augum þjóðarinnar nýjan himin og nýja jörð með sól og sumarblæ yfir sér, þar sem fagur fuglasöngur kveður við úr öllum áttum. ... Volæðis og örvæntingarblærinn er horfinn, og kjarkur og von komið í staðinn.“ 190

„Enn sem komið er hefur ekki sá maður fæst hér á seinni öldum, að einum undanskildum, sem verðugri sé en hann til að skipa öndvegissessinn í hjarta þjóðarinnar. Hann er sannkallaður þjóðræknispostuli, og eigi nokkur maður skilið, að nafn hans sé lettrað á gullspjald og varveitt inst í helgidómi þjóðarinnar, þá er það Eggert Ólafsson, því með ljóðum sínum kvað hann þjóðina til lífsins aftur.“

„Með 19. öldinni hófst ný stefna í bókmentum og listum Norðurálfþjóðanna, hin svo nefnda „rómantíska“ stefna, sem í afleiðingum sínum var þýðingarmeiri í lífi þjóðanna en nokkur önnur stefna fyr eða síðar. Þessi rómantíska stefna var í flestum greinum mjög frábrugðin „upplýsingar“-stefnu 18. Aldarinnar. Þar sem upplýsingarstefnan byggði á almennum mannúðargrundvelli, byggði rómantíska stefnan á þjóðlegum grundvelli. Það er þjóðernislögmálið, sem ryður sér til rúma með þessari stefnu. Hennar aðal þýðing er í því fólgin, að hún hjálpar þjóðunum til að finna sjálfar sig. Hún beinir athygli þeirra að fortíðinni, að uppruna sínum, sögu og fornþekkingu, og kveikir við það nýtt líf og nýjan þrótt hjá þeim.“

„Saga þjóðanna er samsteypan eða „summan“ af reynzlu þjóðanna. Að þekkja söguna til hlítar er að þekkja lífið. Og lífið þar hver maður að þekkja, til þess að geta gegnt sinni köllun í veröldinni eins og hugsandi veru sæmir. Fortíðareynslan er óhjákvæmilegur grundvöllur framtíðarlífsins. Af þessari ástæðu hlýtur sagan ætíð að verða grundvöllur og undirstaða allrar sannrar og ávaxtaríkrar menningar. Hún tekur jafnt til allra, völdugra og vesælla, ríkra og fátækra, því hvert einast mannsbarn er liður út af fyrir sig í lífsins órjúfanlega þroskalögmáli.“ 237

Sverrir Jakobson: Töluvert hefur verið rætt um tengingu brjóstvits og kenninga fræðimanna. Sagnfræðingurinn, Sverrir Jakobsson, segir t.d.: „Heilbrigðri skynsemi er nefnilega ekkert síður leiðandi en kenningar. Hún er það mun frekar. Í henni felst vanahugsun, gengið er út frá klisjum sem gefnum hlut. Hún er staðsett gagnvart kenningum líkt og almennt hugarfar er staðsett gagnvart hugmyndafræði. Hún styðst við ómeðvitaðar forsendur og er laus við efa. Sagnfræðingur sem ætlar einungis að styðjast við heilbrigða skynsemi tekur ekki ákvarðanir um efnistöð. Hann lætur samfélagið gera það fyrir sig, hvort heldur það er samfélag sagnfræðinga, þjóðfélagið sem heild eða alþjóðavætt heimssamfélag sem bundið er saman af fjölmiðlum.“ (Sverrir Jakobsson. Hvort kemur á undan, rannsóknir eða miðlun? Skrudda 2008, bls. 107.)

„Hlutverk sagnfræðinga er að svara spurningum um fortíðina, benda á mikilvægar spurningar sem á eftir að svara, hugleiða hverjar séu forsendur þess að spyrja megi nýrra spurninga, gera ljóst samband staðreynda og formgerðar fyrri alda og miðla þessu sambandi í formi frásagnar.“ (Sverrir Jakobsson. Um fræðileg tæki og töl í sagnfræði. Ritið 1/2008, bls. 94.)

„[Sagnfræðikenningar] eru fræðileg forsagnartæki, viðmið sem sagnfræðingur leggur til grundvallar vali á rannsóknarefni, vali á orsakaskýringum og túlkun heimilda og gerð frásagnarforms. Allir sagnfræðingar velja sér bæði rannsóknarefni og orsakaskýringar og þar er enginn einhlítur eða hlutlaus mælikvarði.“ (Sverrir Jakobsson. Um fræðileg tæki og tól í sagnfræði. Ritið 1/2008, bls. 97.)

„Sagnfræðingur sem gengst átakalítið og áreynslulaust inn á viðmið eigin samfélags tekur ekki meðvitaða kenningalega afstöðu og nær því að tala til lesenda með hjálp heimssýnar sem virðist hrein og tær. Þá er auðvelt að glíma við rannsóknarspurningar án mikilla vangaveltna, fræðilegs ímyndunarafls eða rökfærslustíla. Jafnframt er því hafnað að sagnfræðileg orðræða tengist valdskerfum eins og önnur orðræða. Í þeirri höfnun felst ótvírætt val og afdráttarlaus afstaða.

Á bak við þessa heimssýn kenningaleysis og samhuglægni felst hvorki hlutleysi, hlutlægni né frelsi frá kenningum. Þvert á móti er hún svo niðurnjörvuð að hún viðurkennir ekki eigin huglægni.“ (Sverrir Jakobsson. Um fræðileg tæki og tól í sagnfræði. Ritið 1/2008, bls. 99.)

Íslenskt þjóðerni skipti máli fyrir þá sem voru staddir í erlendu umhverfi og þegar þjóðin þurfti að koma saman til að bregðast við erlendu áreitni. Svo vill til að á hvorttveggja reyndi mest gagnvart Noregskonungum og að lokum gagnvart konungsríkinu sem Ísland varð hluti af. Fyrir 1262 voru íslenskir bændur þjóð erlendis en eftir það þurftu þeir líka að vera það heima hjá sér. Að því leyti markar árið 1262 upphaf íslensks þjóðernis.“ (Sverrir Jakobsson. Hvers konar þjóð voru Íslendingar á miðöldum? Skírnir, 173. árg., vor 1999, bls. 140.)

Gunnar Karlsson: „Pólitísk þjóðernishyggja 19. aldar bjó yfir andstæðum sem erfitt gat verið að sætta. Annars vegar vildi hún viðhalda fornum þjóðarsíðum og þjóðareinkennum og endurvekja það af slíku tagi sem hefði glatast í tímans rás, einkum ef það hafði glatast vegna útlendra áhrifa og yfirráða. Á hinn bóginn var þjóðernisstefnan líka nývæðingarstefna [modernisation], framfarastefna [positivism]: hún vildi auka og bæta hlut þjóðarinnar, einkum ef hún þótti standa öðrum aða baki á þeirri framfarabraut sem allar vestrænar þjóðir þóttust feta á 19. öld.“ (Gunnar Karlsson, Saga Íslands IX, Hib, Rvk. 2008, bls. 255.)

Nýjar kynslóðir draga gildi rannsókna forveranna í efa: „Öllu sem þjóðernissinnaðir söguritarar okkar héldu fram [...], frá Jóni Sigurðssyni forseta um 1840 til nafna hans Jóhannessonar prófessors rúmri öld síðar – svo stiklað sé á nöfnum tveggja öndvegisfræðimanna - , öllu því hljótum við að taka með ítrustu varúð, uns það hefur staðist nýja, gagnrýna prófun.“ (Gunnar Karlsson. Íslensk þjóðernisvitund, Skírnir 173 (1999), bls. 141-142.)

Ragnheiður Kristjánsdóttir: „Ólíkt föðurlandsást er þjóðernisstefnan tiltölulega nýtt fyrirbæri, sem sumir telja að verði til í Vestur-Evrópu við lok átjándu aldar, en aðrir öllu fyrr. Ágreiningur fræðimanna um tímasetningu kemur aðallega til af mismundandi skilgreiningum á fyrirbærinu, þótt flestir tengi upphaf þjóðernisstefnu við myndun á nútíma þjóðríkja. Þær hugmyndir sem stefnan felur í sér hafa hins vegar skotið svo djúpum rötum að við höfum tilhneigingu til að halda að fólk hafi frá upphafi litið á sig sem meðlimi ákveðinnar þjóðar, að þjóðernistilfinningin hafi alltaf verið til. En hugtakið „þjóð“, eins og menn skilja það um þessar mundir, virðist vera tiltölulega nýtt af nálinni. Eric J. Hobsbawm lítur svo á að nútímamerkingu orðsins „þjóð“ sé fyrst að finna á tímum frönsku byltingarinnar.“ ...

„Þjóðernisstefna byggir á tveimur grunnhugmyndum um þjóðina; önnur leggur áherslu á þjóðina sem pólitíska einingu, hin á þjóðina sem menningarlegt fyrirbæri.“ (Ragnheiður Kristjánsdóttir. Rætur íslenskrar þjóðernisstefnu. Saga 1996, bls. 135-136.)

„Tékkneski sagnfræðingurinn Miroslav Hroch hefur skipt þróun þjóðernishreyfinga evrópskra smáþjóða á nítjándu öld í þrennt. Fyrst má greina aukinn fræðilegan áhuga á og umhyggju fyrir tungu, menningu og sögu tiltekins lands eða landssvæðis, án mikillar áherslu á þjóðina sem byggir landið og pólitískar kröfur henni til handa. Sú áhersla er hins vegar einkennandi fyrir annað stig þessarar þróunar sem og viðleitni til að afla stefnunnar fylgis hjá almenningi. Á þriðja stigi hefur stefnan hins vegar skotið rótum hjá meirihluta fólksins og þjóðernishreyfingin sjálf er orðin að vel skipulagðri fjöldahreyfingu.“ (Sama rit, bls. 133.)

„En þótt stefna Jóns Sigurðssonar marki tímamót og með málflutningi hans geti fyrst að líta ígrundaða pólitíska þjóðernisstefnu, spratt hún ekki alsköpuð úr höfði hans. Þjóðernisstefna Jóns forseta markar skil í ferli sem hófst miklu fyrr, ferli sem segja má að hefjist hjá Eggerti Ólafssyni. Eggert Ólafsson var föðurlandsvinur og upplýsingarmaður líkt og margir átjándu aldar Íslendingar. En hann var þjóðræknari en samferðamenn hans. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að leggja rækt við tunguna; hann saknaði fornar og glæstrar fortíðar þjóðar sem var þjökuð af eynd og dugleysi. Á þessum hugmyndum byggðu Baldvin Einarsson og ekki síður Fjölismenn. En Eggert sá ekki fyrir sér aðrar leiðir til úrbóta fyrir þjóðina en að hún hristi af sér doðann og ykist að mætti og elju. Hann krafðist ekki aukinna þátttöku þegnanna í stjórn landsins. Slíkar hugmyndir má hins vegar finna í málflutningi Baldvins Einarssonar, þótt kröfur hans hafi ekki verið ýkja róttækar og um margt óljósar. Fjölismenn tóku við þar sem Baldvin og Eggert skildi við, svo innblásnir af þýsk-rómantískri þjóðernisstefnu að varðveisla þjóðernisins skipar öndvegi. Þeir kröfðust aukinna pólitískra réttinda til handa þjóðinni, þótt þær kröfur hafi ekki verið hnitmiðaðar. Pólitísk þjóðernishyggja þeirra var um margt óljós. Þjóðernisstefna Jóns Sigurðssonar byggði á hugmyndum forvera hans um varðveislu þjóðlegrar menningar, en pólitískar kröfur hans voru beinskeyttari.“ (Ragnheiður Kristjánsdóttir. Rætur íslenskrar þjóðernisstefnu. Saga 1996, bls. 171-172.)

„Upphaf þeirrar þjóðernisvakningar meðal íslenskra menntamanna sem lagði grunninn að þjóðfrelsisbaráttu Íslendinga á nítjándu öld má [...] rekja til Eggerts Ólafssonar. Eggert fæddist árið 1726 en lést aðeins 42 ára gamall árið 1768. Hann var upp á tímum evrópskrar upplýsingar. Markmið upplýsingarmanna var ekki síst að stuðla að almennum framförum með upplýsingu þegnanna, enda voru þeir innblásnir af öflugum og róttækum hugmyndum um almenna velferð ríkis og einstaklings. Nýstárlegar hugmyndir ögruðu viðteknum skoðunum, og þótt upplýsingin hafi í eðli sínu samkvæmt ekki lagt áherslu á þjóðlega þætti heldur miklu frekar alþjóðlega ýtti stefnan eingi að síður á ýmsan hátt undir aukna þjóðernisvitund. Þannig þótti æ mikilvægara að standa vörð um og leggja rækt við þjóðtungur.“ (Ragnheiður Kristjánsdóttir. Rætur íslenskrar þjóðernisstefnu. Saga 1996, bls. 141.)

Guðmundur Jónsson.: „Á 19. öld varð „nútímasagnfræði“ til, en með því er venjulega átt við að hún varð að sérstakri fræðigrein sem greindi sig frá guðfræði, heimspeki og bókmenntun en tengdi sig vísindum. Eins og aðrar vísindagreinar hafði hún það að markmiði að leita sannleikans, afla hlutlægrar þekkingar með rannsókn á veruleika fortíðarinnar eftir ákveðnum reglum og aðferðum. Sagnaritun fyrri tíma hafði einnig einhvers konar sannleikskröfu að leiðarljósi er skemmst fyrir okkur Íslendinga að minnast orða Ara fróða Þorgilssonar í Íslendingabók sem eru ein fyrsta ástarjátning á íslensku til sannleikshugsjónarinnar: „En hvatki es missagt í fræðum þessum, þá es skylt að hafa þat heldr, es sannara reynisk.““ (Guðmundur Jónsson. Sagan og sannleikurinn. Getur sagnfræðilega þekking verið hlutlæg?. Ritið: 1/2008, bls. 111.)

„Sagnfræðileg þekking er [...] ekki talin eins örugg og hlutlæg og áður hefur verið haldið fram. Hugmynd póstífismans um hinn óháða, hlutlausa sagnfræðing sem sviptir hulunni af fortíðinni

með rannsókn á frumheimildum stenst ekki nánari skoðun.“ (Guðmundur Jónsson. Sagan og sannleikurinn. Getur sagnfræðilega þekking verið hlutlæg?. Ritið: 1/2008, bls. 122.)

Joyce Appleby, Lynn Hunt og Margaret Jacob benda á nýja leið, leið hinnar veiku hluthyggi (practical realism): „Þar sem öll þekking á upptök sín í hugsun mannsins og hún er tjáð með orðum þá er þekking í sjálfu sér huglæg. Við viðurkennum huglægni sagnfræðingsins og tungumálsins sem hann notar til að segja sögu sína [segja þær stöllur]. Sérhver rannsókn mótast bæði af persónulegum eiginleikum sagnfræðingsins og félagslegum kringumstæðum hans, og þetta tvennt verðum við að hafa í huga þegar við metum sagnfræðilega þekkingu hans. Þekkingaröflunin getur samkvæmt þeim Appleby ekki heldur verið hlutlaus heldur felst hún í sífelldri samkeppni ólíkra einstaklinga eða hópa sem leita sannleikans. ... [V]ið þurfum nýjan skilning á hlutlægnihugtakinu, skilning sem viðurkennir takmörk hlutlægrar sagnfræði án þess að afskrifa hana. Sagnfræðileg hlutlægni felst í gagnvirku sambandi sagnfræðingsins og fortíðarinnar. Söguleg frásögn vísar alltaf til einhvers veruleika og sé rannsóknin nákvæm (e. accurate) og heilstæð (e. complete) getum við fengið sannferðuga, hlutlæga mynd af viðfangsefninu.“ (Guðmundur Jónsson. Sagan og sannleikurinn. Getur sagnfræðilega þekking verið hlutlæg?. Ritið: 1/2008, bls. 125.)

Árni Magnússon: Á fyrri hluta átjándu aldar skrifar Árni Magnússon um sögu og aðferð sagnfræðinnar m.a.: „Þúkídídes kallaði sögu fagran spegil mannlegs lífs.“ [Þúkídídes (Thucydides) þessi var einn brautryðjanda sagnfræðinnar eða sagnaritunar og fetaði í fótspor landa síns, Heródótusar (Herodotus).] – „Það sem hér fer á eftir á við um flestar sögulegar rannsóknir. Vér höfum ekki nægan áhuga á að færa atburði vorra tíma í letur, því að þeir eru oss of ferskir í minni. Einnig halda okkur frá skráningu þeirra bæði óvild sem búast má við að hljóttist af því að segja sannleikann og skortur opinberra skjala sem embættismenn fela vandlega, að hluta til vegna skaða sem þeir óttast að geti leitt af því að þau verði opinber, að hluta til svo að fáfræði þeirra og sviksemi komi ekki fyrir augu athugulla manna. Á sama tím falla þeir frá sem þekktu málavöxtu, orsakir atburða og samhengi. Með þeim týnist vitneskjan um þess hluti. Eftir standa falsaðar eða óljósar frásagnir.

Þá fyrst verða líka atburðir áhugaverðir og vér fyllumst löngun til að afla oss vitneskju um þá. Þess vegna leitum vér af mikilli kostgæfni opinberra skjala sem eru aðgengileg, en einnig ómerkilegustu heimilda sem væru einskis virði ef vér hefðum ekki sleppt því meðan færi gafst að færa atburðina í letur þegar eftir að þeir áttu sér stað. Úr þessum skólum eru tínd saman annálabrot sem ekki setja atburði í samhengi orsaka og afleiðinga, en slíkt samhengi hlýtur að vera meginuppistaðan í sögu og er það sem gefur henni hvað mest gildi.

Embættismenn sem halda um stjórnartauma ríkja vilja ekki skrifa sögu aldar sinnar, þó að þeir einir geti gert það svo vel fari, þar sem þeir áttu stóran þátt í atburðarásinni. Það sama á við um menn sem auðveldlega geta leitað eftir vitneskju um gang mála, enda þótt þeir hafi ekki sjálfir komið við sögu.

Enginn almúgamaður getur skrifað sögu síns tíma á fullnægjandi hátt. Hins vegar er betra að öll samtímasaga (ég á við sögu föðurlandsins) sé skrifuð af manni með heilbrigða skynsemi, að ég ekki segi vitrum manni. Af þeirri sögu má hafa meiri not en hinni, sem skrifuð eru um löngu liðna atburði, jafnvel þótt sú hafi verið samin af mikilli nákvæmni. Þar skortir nefnilega ástæður atburða sem alls ekki má vanta í sögu.

Það sem ekki hvað minnst stendur í vegi fyrir sagnaritun er áhugaleysi ráðamanna, sem stafar af því að mönnum sem lætur illa að stjórna er ekki umhugað um að verkum þeirra verði hampað

þegar fram líða stundir. Þeim sem ferst vel úr hendi að stjórna er fullkomlega ljóst að þeirra merkustu verka verður minnst í riti án íhlutunar þeirra sjálfra, ef ekki af undirmönnum þeirra, þá örugglega af einhverjum öðrum. Þeim er ekki mikið í mun að öll ævi þeirra verði kunn komandi kynslóðum, því að þeir láta sér nægja að þeirra glæstustu verkum, sem urðu þeim til hvað mestrar vegsemdar, sé haldið lifandi í minni manna.“ (Árni Magnússon. Um sögu - De historia. TMM 1998, 1, bls. 69-79. Bókin (greinin) er þýdd úr latínu af Hönnu Óladóttur.)

Guðmundur Hálfðánarson: „Íslendingar vildu þjóðfrelsi, en það var langt því frá að vera hið sama og einstaklingsfrelsi. Þjóðfrelsið virðast þingmenn alls ekki hafa ætlað að nota til þess að umbylta hefðbundnu samfélagi á Íslandi. Þvert á móti reyndu þeir eftir megni að styrkja íslenska bændasamfélagið og gera því kleift að bregðast við þeim vandamálum sem að því steðjuðu með auknum fólksfjölda og harðindum á síðari helmingi nítjándu aldar. Hér gegndi bann við öreigagiftingum lykilhlutverki, ekki síst þegar æ erfiðara reyndist að sporna gegn aukinni húsmennsku vegna jarðnæðisskorts. Þar komu flestir þjóðkjörnir þingmenn fram sem svarnir andstæðingar nýrra hugmynda um persónufrelsi einstaklingsins, á meðan að danska stjórnin hvatti til aukins frjálslýndis í takt við samfélagsþróun í Danmörku á þessum tíma. Þess vegna má spyrja hvort upphaf baráttunnar fyrir íslensku þjóðfrelsi megi ekki rekja að einhverju leyti til þeirrar viðleitni Íslendinga að berjast gegn frjálslýndri stefnu dönsku stjórnarinnar. Sjálfstæðisbarátta Íslendinga væri því sprottin úr jarðvegi frjálslýnds umróts sem kollsteypti einvaldskonungum Evrópu, en markmið Íslendinga voru bara allt önnur en þau hafa oftast verið talin.“ (Guðmundur Hálfðánarson. Íslenska þjóðríkið. Hib, Rvk. 2001, bls. 76.)

John Tosh: „Tilgáta felur ekki aðeins í sér bráðabrigðamat á tilteknum sögulegum efniviði og hefur þannig gildi sem slík; heldur endurspeglar hún venjulega ákveðin viðhorf um eðli samfélags og menningar; með öðrum orðum lætur nærri, að kynning tilgátu jafnist á við kenninganotkun. Í mörgum vísindagreinum felur kenningasmíði í sér sértekningu og alhæfingu (stundum lögmál) á grundvelli rannsóknaniðurstaðna. Sagnfræðingar nota hugtakið sjaldan í þeim skilningi. Í þeirra hugarheimi er kenning venjulega ákveðin túlkunarleið, sem í senn hvetur sagnfræðinginn til dáða og litar niðurstöður hans.“ (John Tosh. The Pursuit of History, Pearson, London 2010, b.s 214 – lausleg þýðing er mín.)

„[S]agnfræði eru í grundvallaratriðum blendingsfræði, er sameina vísindalega tækni og greiningu og bæði ímyndunarafl og listfengi.“ (John Tosh. The Pursuit of History. Pearson, London, 2010, bls. 170 – lausleg þýðing er mín.)

„Sagnfræðingar eru ruglaðir í ríminu með tilliti til sýslu sinnar – ringulreiðin er oft og tíðum hjúpuð sjálfsöryggi, þegar um margræðar túlkanir er að ræða.“ (Sama rit, bls. 176.)

„Saga er ekki „hið liðna,“ ei heldur það, sem lifað hefur af. Saga er endursköpun ákveðinna þátta fortíðarinnar (á grunni heimilda) og háð því, hvers konar gildi þeir hafa fyrir hlutaðeigandi sagnfræðing.“ (Gordon Connell-Smith og Howell A. Loyd. The Relevance of History. Heinemann 1972, bls. 41 – lauslega snarað af undirrituðum.)

Jón Karl Helgason: Líklega er aldrei öll saga sögð, því: „Sagan er óhjákvæmilega úrval efnisatriða, einföldun á veruleikanum, lítið stef úr óreiðukenndu hljómfalli tímans.“ (Jón Karl Helgason. Hver á íslenska menningu? Skírnir 176. ár (haust 2002), 401-422, bls. 2009.)

„Á sama hátt og sálkönnuður, sem leiðir okkar á vit sannleikans um forsögu okkar og hvatir, leiðir sagnfræðingurinn okkur í skilning um samtímamann með því að horfast i augu við þau öfl, er

móta veröldina og samfélög okkar, sum hver hrollvekjandi.“ (James Joll. Europe Since 1970. Penguin, London 1976, bls. 12 – lauslega snarað af undirrituðum.)

„Öll sagnaritun, og þá ekki síst sagnaritun miðalda, felur í sér túlkun ósamstæðs efniviðar. Og túlkun efnisins hlítir forsendum sagnaritarans og lýsir samtíð hans engu síður en þeim tíma sem um er fjallað. Sagnaritin lýsa fyrst og fremst hugmyndum samtíðar um fortíðina, söguskoðun samtíðarinnar – en þau eru annað og meir en endurspeglun ríkjandi hugsunarháttar og félagslegra krigumstæðna samtíðarinnar, enda þótt þau séu um leið hluti hugmyndafræði hennar. Fortíðin verður fyrst og fremst forsenda og skýring þess sem er.“ (Preben Meulengracht Sørensen. Sagan um Ingólf og Hjörleif. Skírnir árg. 148, 1974, bls. 20-21.)

„[S]á söguskilningur [lifir góðu lífi] sem gerir ráð fyrir að sagnfræði fáiist við endurgerð raunverulegrar fortíðar [...] hér á landi sem annars staðar, og líklega hefur hann víða sótt í sig veðrið sem afturhvarf og hálfgerð óþol við hugmyndum póstmóderismans. Minna hefur hins vegar verið tekist á um það beint hver séu hin gildu viðfangsefni sagnfræðinnar – en átökin eiga sér engu að síður stað undir yfirborðinu því staðalmyndir stórsögunnar eru enn allsráðandi í hinni almennu söguvitund og í þeim felast yfirlýsingar um hvað er verðugt að rannsaka hverju sinni.“ (Sigrún Pálsdóttir. Hreyfimynd með hljóði frá 19. öld eftir Þóru Pétursdóttur. Saga L:2, 2012, bls. 114.)

„Við megum [...] ekki láta okkur nægja að skoða fortíðina út frá ríkjandi orðræðu sem alltaf hlýtur að fela í sér einhverja réttlætingu á nútímanum. Ein leið til að gagnrýna ríkjandi orðræðu er að gefa hinum kúguðu í sögunni rödd, leggja við hlustir þegar þeir tala til okkar, hvort sem þeir tala til okkar af ljósmynd eða í gegnum aðrar heimildir sem hafa gert þeim mögulegt að segja sögu sína út frá eigin forsendum.“ (Sigrún Sigurðardóttir. Að bera kennsl á hið óvænta. Hvað er sagnfræði? Skrudda, Rvk. 2008, bls. 31.)

„Þó að flestir færi rök gegn því sem nú hlýtur að teljast tilbúinn andstæðingur – þeirri hugmynd að „siðferðileg gildi séu ekki hluti af þeirri ábyrgð sem ætlast má til að sagnfræðingar taki á sig“ – er það gert án þess að rannsaka merkingu siðferðis sem þeir gera ráð fyrir að sé sameiginleg, sjálfsögð trú. Fyrir flesta þessara höfunda vísar „siðfræði“ til lokaðs kerfis gilda þar sem fastákveðnir flokkar hins „góða“ og „réttláta“ eru notaðir um atburði og aðgerðir í fortíðinni. Í þessari tilraun til að setta siðfræði og sagnfræðilegt hlutleysi fer lítið fyrir sjálfsskoðun (af því tagi sem póststrúktúralistar hafa kallað eftir) sem beinist að siðferðilegum hugtökum sagnfræðingsins sjálfs.“ (Joan W. Scott. Sagnaritun sem gagnrýni. Ritið I, 2008, bls.168.)

Sumarliði R. Ísleifsson. Tvær eyjar á jaðrinum. (Rvk. HÍ 2013): Samfara vaxandi andklassísisma og þjóðernishyggju á 18. og 19. öld. „Ísland miðalda varð um tíma fyrirmynd um menntun, andlegan kraft,sköpun, líkamlegt atgervi og fegurð. Landið varð jafnvel eins konar vagma norrænnar og germanskrar menningar og lítið var svo á að þar væri rætur þeirra menningarstrauma að finna. Ísaland varð að sögueyju. Hún geymdi frásagnir af glæsilegu fólki sem skapaði og naut menningar, framdi hetjudáðir og gerði víðreist um nálæg lönd; samlíkingar við Grikkland hið forna og Hellena urðu býsna algengar. Þessi orðræða varð hluti hinnar þjóðernissinnuðu og kynþáttatengdu orðræðu: Þegar lítið væri til uppruna Íslendinga kæmi í ljós að þeir væru af úrvalsfólki komnir; ekki einungis af hinum kákasíska stofni heldur því besta af úrvalinu, hinum norræna stofni, sem bæri af öðrum kynstofnum, bæði andlega og

líkamlega. Samkvæmt þessu skoðunum tilheyrðu Íslendingar yfirburðakynþætti germana.“
(bls. 232)